Grundaskóli
Akranesi

# PÚLSINN






Stofnun ársins 2012

## 30 ára



Foreldraverðlaun 2012

**SKÓLABLAÐ GRUNDASKÓLA**
1. tbl. - 17. árg. - Júní 2012

444-9900

www.omnis.is

# Til hamingju með 30 ára afmælið, Grundaskóli!




**AKRANES** Dalbraut 1
REYKJAVÍK ▪ REYKJANESBÆ ▪ BORGARNES

omnis
– Við þekkjum tölvur

# Kveðja frá skólastjóra



Ágætu lesendur.
Í tilefni af 30 ára afmæli Grundaskóla er Púlsinn, skólablað Grundaskóla, nú gefinn út og dreift til allra heimila á Akranesi.

Við sem störfum í Grundaskóla erum ánægð með skólann okkar og hvetjum nemendur til þess sama. Eitt af sérkennum skólans eru góð samskipti nemenda og starfsfólks. Þessi samskipti hafa byggst á gagnkvæmu trausti og nemendur reynst traustsins verðir. Í skólanum ríkir jákvætt andrúmsloft og góður starfsandi þar sem starfsfólk er óhrætt við að reyna nýja hluti, breyta til og takast á við ný og fjölbreytt viðfangsefni.

Það bætast líka stöðugt nýjar rósir í hnappagatið okkar. Starfsmenn sem eru félagar í Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar svöruðu könnun um vinnustaðinn sinn og þegar upp var staðið reyndist Grundaskóli vera með hæsta meðaleinkunn og þar með stofnun ársins 2012.

Þrátt fyrir velgengni eru ávallt næg úrlausnarefni, sem þarf að bæta í daglegu skólastarfi. Allt frá stofnun Grundaskóla hefur markmið skólans verið að koma til móts við þarfir og getu hvers og eins. Við höfum þá trú að engin ein kennsluaðferð sé sú rétta, að nemendur læri með ólíkum hætti og þess vegna verði skólinn að tryggja þeim fjölbreyttar náms- og kennsluaðferðir. Til staðar þarf að vera jákvæð hvatning og hrós, fjölbreytni í náms- og kennsluaðferðum og námsmati, jákvæður agi og síðast en ekki síst góð samskipti heimilis og skóla.

Ég þakka starfsmönnum, nemendum, foreldrum og samstarfsaðilum öllum fyrir veturinn. Lesendum óska ég ánægjulegs sumars.

***Hrönn Ríkharðsdóttir,***
***skólastjóri.***

## Grundaskóli - Stofnun ársins 2012




*Skagamenn komu, sáu og sigruðu!*

# Skólastarfið 2011-2012

Grundaskóli var settur þetta skólaárið þriðjudaginn 23. ágúst 2011. Skólinn var hins vegar fyrst settur þann 6. október 1981 og fagnar því þrjátíu ára starfsafmæli á þessu skólaári. Grundaskóli hefur á þrjátíu árum færst úr því að vera lítill grunnskóli með 160 nemendum, 7 bekkjardeildum og sjö starfsmönnum yfir að vera nú í lok skólaárs með 583 nemendur í 28 bekkjardeildum. Starfsmenn Grundaskóla eru samtals 88 í misstórum stöðugildum. Kennarar eru 59 með skólastjórum og aðrir starfsmenn eru um 29.

Að vanda hefur mikið verið um að vera enda er rekið kröftugt skólastarf í Grundaskóla. Í þessum stutta pistli langar mig að geta nokkurra þátta en að sjálfsögðu er ekki möguleiki á að gera öllu skil.

Eins og fyrri ár hefur Grundaskóla staðið að glæsilegri árshátíð nemenda. Hún stóð nú í þrjá daga í mars. Sex sýningar voru og var uppselt á þær allar. Yfirskrift árshátíðar eða þema hennar var söngleikir hér heima og erlendis. Líkt og síðustu ár tóku allir nemendur í 1. – 7. bekk þátt í árshátíðinni en nemendur unglingastigs voru þátttakendur við undirbúning af ýmsum toga. Unglingadeildin hélt hins vegar sér árshátíð með unglingum í Brekkubæjarskóla og tókst sú hátíð einnig sérstaklega vel. Mjög góð mæting og allir skemmtu sér hið besta við leik og söng nemenda og starfsmanna grunnskólanna.

Nemendur Grundaskóla tóku þátt í ýmsum keppnum og viðburðum á skólaárinu og stóðu sig frábærlega að vanda. Voru sér, skólanum og foreldrum til mikils sóma. Nemendur í 7. bekk tóku þátt í Stóru upplestrarkeppninni og stóðu sig vel. Hið sama má segja um þátttakendur í stærðfræðikeppni Fjölbrautaskóla Vesturlands og í Skólahreysti. Þá sigraði lið skólans í spurningakeppni grunnskóla á Vesturlandi og komst alla leið í undanúrslit í landskeppninni en varð þar að láta í minni pokann eftir spennandi viðureign við Hagaskóla

Þemaverkefni og söguramma setja jafnan mikinn svip á skólastarfið en þeir eru kærkomin viðbót við hið hefðbundna skólastarf. Á öllum aldursstigum er unnið með einhver þemabundin verkefni þar sem gjarnan eru tengdar saman ólíkar námsgreinar og bekkjardeildum blandað saman. Slík námsvinna er eitt af sérkennum skólans en í þrjátíu ár hafa menn haldið á lofti gildum skapandi vinnu og einstaklingsmiðaðs náms. Á þessu starfsári hefur skólinn lagt í umfangsmikið þróunarstarf á unglingastigi en þar hafa menn gengið skrefinu lengra en oft áður og brotið hefðbundið bóknám upp og kenna nú nær eingöngu í þemabundnum námslotum. Umferðarfræðslan er fyrirferðarmikil í öllum bekkjum en skólinn hefur verið líkt og síðustu ár móðurskóli í umferðarfræðslu.



Öflugt tónlistarstarf hefur einkennt þetta starfsár eins og mörg hin fyrri. Skólinn stóð að uppsetningu á sínum sjötta frumsamda söngleik, Nornaveiðum og heppnaðist sú uppsetning sérlega vel. Mikill fjöldi gesta sótti þær tíu sýningar sem voru og fékk verkið góða dóma. Grundaskóli stóð einnig að tónlistaverkefninu Ungir gamlir en það verkefni er nú orðið fast í sessi sem eitt af stóru verkefnunum á Vökudögum í menningardagskrá Akurnesinga.

Félag hollvina Grundaskóla hefur vaxið og dafnað og er nú öflugur bakhjarl í fjölda verkefna. Félagið hefur lagt fram fjármagn í vinnu til að endurvinna og skrá allt ljósmyndasafn skólans. Einnig eru myndbandasafn skólans komið í endurvinnslu en hér er um mikið verk að ræða og mun eflaust taka mikinn tíma. Allar ljósmyndir í eigu skólans eru hins vegar komnar á Ljósmyndasafn Akraness.

Margra þátta er enn ógetið í þessari stuttu samantekt og fyrrgreind upptalning felur ekki í sér forgangröðun af neinu tagi heldur er fyrst og fremst um að ræða dæmi um þá miklu grósku sem er í skólastarfi Grundaskóla.

***Sigurður Arnar Sigurðsson,***
***aðstoðarskólastjóri.***


**PÚLSINN**

Skólablað
Grundaskóla, Akranesi

***Ábm.:***
Hrönn Ríkharðsdóttir

Grundaskóli
Akranesi

**Heimsíða Grundaskóla:**
www.grundaskoli.is
**Netfang Grundaskóla:**
grundaskoli@grundaskoli.is



*Handhafar Foreldraverðlaunanna 2012, fulltrúar Grundaskóla á Akranesi, sitja hér í fremri röð: Eygló Gunnarsdóttir, Flosi Einarsson, Gunnar Sturla Hervarsson og Einar Viðarsson. Aftari röð f.v. eru: Borghildur Jósúadóttir, formaður dómnefndar, Þóroddur Helgason handhafi Dugnaðarforkarverðlauna, Ragnheiður Kristinsdóttir, iðjuþjálfi og foreldri í Laugarnesskóla ásamt tveimur samstarfskonum, en þær tóku við Hvatningarverðlaunum og loks Ketill B. Magnússon, formaður Heimilis og skóla og Hrefna Sigurjónsdóttir, framkvæmdastjóri Heimilis og skóla.*

### *Foreldraverðlaun Heimilis og skóla 2012 afhent:*

# *Söngleikjaverkefni Grundaskóla hlaut Foreldraverðlaun*

Foreldraverðlaun Heimilis og skóla - landssamtaka foreldra voru afhent í 17. sinn á tuttugasta afmælisári samtakanna við athöfn sem hófst kl. 14:00 í Þjóðmenningarhúsinu.

Söngleikjaverkefni Grundaskóla hlaut Foreldraverðlaun Heimilis og skóla 2012. Markmiðin með söngleikjaverkefninu eru fjölmörg og tengjast þau beint eða óbeint inn í námskrá skólans. Slík verkefni eru hins vegar kostnaðarsöm, tímafrek og eru að mestu leyti unnin utan við hefðbundinn skólatíma. Foreldrar hafa stutt þessi verkefni með mikilli sjálfboðavinnu og öflugri þátttöku með börnum sínum. Aðkoma foreldra er margvísleg og mikilvæg því mörg verk þarf að vinna við slíka uppsetningu og verkefnið eflir skólabraginn.



# Stærðfræðikeppni grunnskólanna




Í mars síðastliðnum fór fram stærðfræðikeppni grunnskólanna á Vesturlandi. Fjölbrautaskóli Vesturlands á Akranesi stóð fyrir keppninni eins og undanfarin ár. Undirbúningur fyrir keppnina hófst í byrjun febrúar, hann var í höndum Ingibjargar Stefánsdóttur og Sigríðar Ragnarsdóttur. Einnig voru stærðfræðikennarar á unglingastiginu mjög duglegir að hvetja sína nemendur til þátttöku. Öllum nemendum á unglingastiginu stóð til boða að sækja undirbúningstíma einu sinni í viku eftir skóla í 6 vikur fyrir keppnina. Í vikunni sem keppnin var haldin, var hitað aðeins upp með svo kallaðri stærðfræði þríþraut. Þá var ein þraut birt daglega í þrjá daga. Sigurvegararnir í stærðfræðiþríþrautinni voru Aníta, Kristinn Bragi og Þórey. Öll koma þau úr 9. bekk. Þetta árið tóku 21 nemandi í Grundaskóla þátt í keppninni. Nemendum í 10 efstu sætunum í hverjum árgangi var boðið í hátíðlega verðlaunaafhendingu í Fjölbrautaskólanum á Akranesi 14. apríl, þar sem úrslitin voru kunngjörð.



Grundaskóli átti 9 fulltrúa á verðlaunaafhendingunni. Veitt voru peningaverðlaun fyrir þrjú efstu sætin í hverjum árgangi.

1. sæti í 8. bekk. Anna Chukwunonso Eze og Árni Teitur Líndal í 4.-10. sæti.

1. sæti í 9. bekk. Kristinn Bragi Garðarsson og Veronica Líf Þórðardóttir í 3-4. sæti. Friðrik Berg, Natalia Wasilewska og Þórey Petra Bjarnadóttir í 5-10. sæti.

3. sæti í 10. bekk. Tryggvi Hrafn Haraldsson og Daníel Þór Heimisson í 4.-10. sæti.

Til hamingju! Við í Grundaskóla erum mjög stolt af ykkur.

Landsbankinn
Banki allra landsmanna

prentmet
Vesturlands
HRAÐÞJÓNUSTA

# 1. bekkur

### Þróunarverkefni

Í vetur höfum við unnið að þróunarverkefninu Einn fyrir alla og allir fyrir einn – Leikum og lærum saman. Meginmarkmiðið var að kynnast öllum nemendum og þörfum þeirra, bæði sem einstaklingum og sem þátttakendum í samfélagi nemenda, áður en þeim var skipt upp í fasta hópa. Tókum við á





móti árgangnum sem einni heild og höfum unnið með nemendum í breyti legum hópum í vetur þar sem skiptingin hefur byggst á mismunandi forsendum.

Starfið hefur gengið vel. Nemendur hafa kynnst vel innbyrðis og virðist ekki skipta máli hver tilheyrir hvaða hópi, árgangurinn er ein eining. Að okkar mati eru það forréttindi að eiga þess kost að byggja upp og taka þátt í slíku starfi.

# 2. bekkur



### Foreldrasamstarf

Við í 2. bekk höfum átt mjög gott samstarf við foreldra árgangsins í vetur. Við höfum ýmislegt brallað, fengið bæði foreldra í heimsókn til okkar og farið heim til barnanna.

Í haust gengum við heim til nokkurra barna, kíktum í garðana og fengum að líta á uppskeruna. Við týndum m.a. rifsber, sólber og rabbabara. Þegar í skólann var komið bjuggu börnin til sultu á rafmagnshellum sem foreldrar höfðu lánað okkur og fengu síðan allir að smakka sultuna. Hún bragðaðist alveg sérstaklega vel og er árgangurinn fullur af sultusnillingum.

Ein stúlkan í árgangnum er með hænur í bakgarðinum og fórum við í heimsókn til hennar og kíktum á hænurnar. Við höfum líka farið heim til barnanna að kíkja á gæludýr sem þau eiga, t.d. hunda og ketti.

Nokkrir foreldrar hafa komið í heimsókn til okkar með frásagnir eða hluti til að sýna. Það er alltaf mjög spennandi að fá gesti. Sjómaður kom og sýndi okkur myndir af skipinu sínu og var líka með makríl sem við lyktuðum af og fengum svo að halda á. Annað foreldri kom í heimsókn með íslenska þjóðbúninginn og við fengum að handleika mjög gamalt stokkabelti. Einnig fengum við gítarleikara í heimsókn sem söng og spilaði frumsamið lag og allir náðu að læra viðlagið og tóku vel undir.

Móðir í árgangnum bauð nokkrum nemendum að koma í 7. bekkinn sinn að læra hvernig brjóstsykur er búinn til. Börnin fylgdust spennt með, þeim fannst þetta allt stórmerkilegt og skemmtilegt verkefni. Það er líka svo gaman að fá að vinna með eldri krökkum. Ekki skemmdi fyrir að þau fengu að smakka afraksturinn. Það voru kátir krakkar sem fengu með sér góðgæti heim einn daginn í vetur.

Takk fyrir frábært samstarf í vetur kæru foreldrar í 2. bekk.

***Kennarar og nemendur í 2. bekk***

# Nýjar heimilisfræðistofur



Í haust voru teknar í notkun tvær nýjar heimilisfræðistofur í Grundaskóla. Verkfræðistofan Mannvit teiknaði og undirbjó verkið í samráði við heimilisfræðikennara skólans. Stofurnar eru á sama stað og gamla stofan var og að auki var tekið geymslurými undir stofurnar. Einnig voru útbúin tvö ný salerni og ræstingaherbergi.

Það sem mestu máli skiptir er að nú er hægt að koma allri heimilisfræðikennslu fyrir í stundatöflu á skólatíma og bjóða nemendum á unglingastigi fleiri tíma í heimilisfræði í vali. Hönnun og skipulag er til mikilla bóta og eru stofurnar bjartar og vistlegar. Nemendur og kennarar eru í skýjunum með nýju aðstöðuna, þó svo að stofurnar séu hvor um sig aðeins minni en gamla stofan var.

Með nýju stofunum hefur einnig opnast tækifæri fyrir kennara að komast í heimilisfræðistofurnar með minni hópa ef vinna þarf einhver sértæk verkefni.



VALFELL
FASTEIGNAMIÐLUN OG RÁÐGJÖF

TÖLVUÞJÓNUSTAN
SECURSTORE

MANNVIT
ENGINEERING

# 3. bekkur



### *Vinir Zippys*

Frá því í haust hefur lífsleikninámsefnið „Vinir Zippýs“ verið kennt í 3. bekk. Námsefnið er gefið út af Lýðheilsustöð sem heyrir undir landlæknisembættið.

Í námsefninu Vinir Zippýs eru börn hvött til þess að velta fyrir sér mörgum ólíkum leiðum til þess að fást við erfiðar aðstæður og tilfinningar. Námsefnið hvetur börnin til að koma með eigin lausnir og eru þjálfuð í að velja lausnir sem koma ekki aðeins þeim sjálfum að gagni heldur sé einnig virðing borin fyrir sjónarmiðum annarra.

Vinir Zippýs byggist á sex afmörkuðum þáttum og er sérstök saga tengd hverjum þætti. Zippý er aðalpersónan í sögunum en hann er sérstök „gælufluga“ og vinir hans eru nokkrir strákar og stelpur. Í sögunum takast þau á við ýmislegt sem er vel þekkt meðal ungra barna – vináttu, að eignast vini og missa þá, einelti, breytingar og missi og að byrja upp á nýtt. Kennslan byggist mest á umræðum og að börnin setji sig í aðstæður og takist á við raunveruleg verkefni.

Börnin hafa verið áhugasamir og virkir þátttakendur í Zippý tímunum. Þau hafa þjálfast í að finna lausnir í erfiðum aðstæðum og gera sér betur grein fyrir því að hver og einn ber ábyrgð á eigin hegðun. Þetta námsefni fellur vel að uppeldisstefnu skólans „Uppeldi til ábyrgðar“. Ruth Jörgensdóttir Rauterberg þroskaþjálfi hefur séð um kennsluna í samvinnu við umsjónarkennara í 3. bekk.

***Eyrún, Laufey, Ruth og Vilborg.***

# 4. bekkur



### *Skák*

Eftir áramótin fékk fjórði bekkur kennslu í skák. Berta Ellertsdóttir kennari og námsráðgjafi kom í alla bekki og kenndi mannganginn. Gaman er að segja frá því að Berta var Íslandsmeistari í skák á sínum yngri árum og getur þess vegna miðlað miklu til skólabarna í þeim efnum.

Á þessum skáknámskeiðunum var nemendum raðað saman á borð tveimur og tveimur svo var teflt í stutta stund og svo skipt. Tefldu þannig allir við alla. Berta gekk á milli og aðstoðaði krakkana í að finna góða leiki eða jafnvel að læra gang ákveðinna taflmanna. Krakkarnir lærðu fleira en mannganginn, þeir lærðu líka t.d. heimskítsmát, að hrókera og margt fleira sem gerir góðan skákmann betri. Áhersla var lögð á einbeitingu og kyrrð á meðan á skákinni stóð en það er mikilvægur þáttur í því að tefla, því skákin er jú hugaríþrótt.

Í lok hvers námskeiðis, með hverjum bekk, var haldið bekkjarmót í skák. Veitt voru verðlaun fyrir framfarir en nokkrir krakkar sem voru að læra að tefla í fyrsta sinn sýndu ótrúlegan árangur og lentu jafnvel í sæti. Allir fengu líka viðurkenningu og bókarverðlaun í lokin.

Þetta var skemmtileg og góð tilbreyting hjá okkur í 4. bekk. Allir náðu að læra mannganginn og út á hvað skák gengur. Það má með sanni segja að skáknámskeiðið hafi aukið áhuga nemenda á skák og nú er taflið oft tekið fram.

***Kveðja frá Áslaugu, Siggu Óla og Ingibjörgu Eggerts.***







# Bjarteyjar-sandur

Mánudaginn 7. maí fórum við í öðrum bekk með rútu á Bjarteyjarsand. Þar var vel tekið á móti okkur. Arnheiður fór yfir það með okkur hvernig maður hagar sér í fjárhúsum. Við gengum í fjárhúsið, þar var nóg um að vera. Sauðburður í hámarki, við sáum nokkrar kindur bera. Það var gaman að sjá lömbin fæðast, þau fóru strax að reyna að standa upp. Allir fengu að halda á litlu lambi. Í hlöðunni fengum við að hoppa og leika okkur, þar voru kanínur, mýs og hestar. Við sáum hænur og egg í hænsnakofanum. Á Bjarteyjarsandi eru skemmtileg leiktæki sem við fengum að prófa. Við gengum niður í fjöruna fyrir neðan bæinn. Þar urðu margir mjög blautir, það var gaman að hoppa á steinunum og vaða í sjónum. Við skoðuðum sjávardýr krabba og krossfiska. Við fengum mjög gott veður. Þetta var vel heppnuð ferð í alla staði. Það er gaman á Bjarteyjarsandi.

***Krakkarnir í öðrum bekk.***

GALITO
RESTAURANT

VIGNIR G. JÓNSSON HF

# 5. bekkur



### *Ættleiðir tré*

Í haust fór allur árgangurinn í skógræktina. Við völdum okkur tré sem við mældum á alla enda og kanta og lærðum aðferð við að mæla hæð hárra trjáa. Við tókum myndir og gáfu sumir tréinu sínu nafn t.d. Laufey og Eik. Við höfum síðan fylgst með trénu okkar í vetur. Við heimsóttum það í síðsumars-, haust og vetrarbúningi og tókum þá einnig myndir. Sumir fóru á flug í þessari vinnu og tréð þeirra var búið að eignast trjávini í umhverfi sínu. Í vor ætlum við að fara í síðasta sinn, mæla tréð á ný og taka myndir. Bera saman niðurstöður frá því í haust. Við ætlum að lokum að búa til trjábók þar sem upplýsingar um tréð og myndir koma fram.

***Kveðja frá 5. bekk***

# 6. bekkur



### *Fuglaþema*

Nú þegar farið er að vora ætlar 6.bekkur að vinna með 5. bekk í fuglaþema. Samvinna á milli 5. og 6. bekkjar hefur verið töluverð í vetur þar sem árgangarnir unnu m.a. stórt þemaverkefni um Snorra Sturluson.

Þemanám er heildstætt viðfangsefni þar sem krakkarnir kljást við verkefni af ýmsum toga sem unnin eru bæði í einstaklingsvinnu og hópavinnu.

Í fuglaþemanu verður áhersla lögð á fræðslu um mismunandi fuglategundir og verða verkefnin unnin bæði inni og úti í náttúrunni.







# 7. bekkur í Reykjaskóla

Margir vilja meina að skólaferðalag í Reykjaskóla sé eitt af hápunktum skólagöngunnar. Það voru því að vonum spenntir krakkar sem lögðu af stað frá Grundakóla þann 12. mars 2012.

Förinni var heitið til Reykjskóla í Hrútafirði. Reykjaskóli er skólabúðir sem taka á móti nokkur þúsund börnum á hverju ári. Markmið dvalarinnar er einkum að styrkja nemendur og leyfa þeim að fást við áður óþekkt viðfangsefni.

Ferðin var vægast sagt skemmtileg og ýmislegt sem við gerðum þá viku sem við dvöldum þarna. Með okkur í Reykjaskóla voru krakkar frá Selásskóla í Árbænum, þeir eru mjög skemmtilegir og myndaðist mikill vinskapur á milli nemendanna í ferðinni. Þegar við komum í Reykjaskóla var okkur skipt niður í 3 hópa ásamt hinum krökkunum. Hóparnir fengust við ýmis viðfangsefni til að auka þekkingu á tilteknum viðfangsefnum. Við fóru í Undraheim auranna, á byggðasafnið, íþróttir og sund, náttúrufræði og stöðvaleik. Við lærðum margt í þessari ferð. Á kvöldin voru alltaf kvöldvökur og stundum sáu við krakkarnir um þær, í hin skiptin sáu starfsmenn skólabúðanna um kvöldvökuna. Fimmtudagurinn var öðruvísi en hinir dagarnir. Þá fengu krakkarnir að velja í hvaða val þau fóru í eftir hádegi. Rétt fyrir matinn var síðan haldin hárgreiðslukeppni en þá voru strákarnir greiddir, málaðir og klæddir upp í fín stelpuföt. Um kvöldið var diskó og mikið líf og fjör þar. Eftir það fóru við í kvöldkaffi og fengum að vaka talsvert lengur en venjulega. Morguninn eftir var pakkað niður og lagt af stað heim. Flestir krakkarnir hefðu viljað vera lengur í Reykjaskóla, en alltaf er gott að koma heim.

Þessi ferð var í alla staði frábær og eftirminnileg á allan hátt. Við eigum eftir að muna eftir þessari ferð alla ævi á nokkurs efa.

***Takk fyrir okkur,***
***nemendur í 7. bekk.***















# *Líf og fjör í náttúrufræði*



*Fjórar stelpur á rannsóknabraut undirbjuggu kennslutíma fyrir 8. bekk. Þær fræddu nemendur um hjarta og æðakerfið. Eftir fyrirlesturinn fengu nemendur svo að kryfja hjarta undir þeirra handleiðslu.*



*Nemendur í 10.bekk hafa verið að læra um krafta og í einum tímanum ákváðum við að sannreyna hvernig þrýstingur dreifist á flatarmál með því að ganga á eggjum. Það voru nokkrir sem áttu erfitt með að stíga upp á eggin í fyrsta skipti og þurftu smá stuðning.*



*Við byrjuðum skólaárið á stóru náttúruþema í unglingadeildinni. Það var margt mjög skemmtilegt sem kom út úr þessari vinnu m.a. vandaðar og flottar heimildarmyndir um fugla, skordýr, ánamaðka o.fl. uppskriftabækur með haustuppskerunni og áhugaverðri fræðslu, búin voru til jurtate og saft úr íslenskum jurtum og margt margt fleira var gert.*



*Í þemanu nýsköpun og hönnun fengum við Línu sápugerðakonu sem gestakennara til okkar, hún kenndi hóp nemenda að búa til sápu, varasalva, baðbombur og baðsalt. í tengslum við þessa vinnu lærðu nemendur efnafræði, reikna út verð vörunnar og hanna umbúðir utan um hana.*



*Nemendur í 8. bekk buðu krökkunum í 2.bekk í kennslu um líffæri líkamans.*




*Í náttúrufræðistofunni er allt að gerast þessa dagana. Fyrir nokkru settu nemendur í 9.bekk niður ýmis krydd- og matjurtafræ. Plönturnar eru farnar að kíkja upp úr pottunum og nemendurnir fylgjast spenntir með. Í vor munu þeir fara með plönturnar heim og halda þá áfram að hugsa vel um þær, áður en þeir borða þær með bestu list.*

# 8. bekkur



### *Viðburðaríkt skólaár*

Áttunda skólaárið er jafnan viðburðaríkt og spennandi. Þetta er auðvitað fermingarárið, sem er afar spennandi, en jafnframt er þetta fyrsti veturinn á unglingastiginu og það er auðvitað stórt skref að komast þangað, taka þátt í félagsstarfi unglinganna og vinna sér sess á meðal elstu bekkja skólans. Það er oft hörð barátta fyrir 8. bekkinga að taka þátt í íþróttamótum, húllum-hæ dögum og öðrum viðburðum með 9. og 10. bekkingum. Árgangurinn sem nú skipar áttunda bekk skólans er hins vegar afar fjölmennur og öflugur hópur, einir 66 nemendur í þremur bekkjum. Þeim gekk vel að standa uppi í hárinu á eldri bekkjunum í vetur og er óhætt að segja að nú í lok skólaársins séu þau búin að skapa sér sterkan sess á unglingastiginu. Sem dæmi má nefna að í spurningakeppni bekkjanna, sem nemendafélagið stóð fyrir í vetur, voru það lið tveggja 8. bekkja sem kepptu til úrslita. Myndirnar hér á síðunni eru einmitt frá úrslitaviðureigninni, en það voru lið 8.FE og 8.VLJ sem þar áttust við. Að lokum var það lið 8.VLJ sem hafði sigur eftir harða keppni og á því titil að verja á næsta ári.



# Stóra upplestrarkeppnin

Stóra upplestrarkeppnin hefst ár hvert á degi íslenskrar tungu og lýkur í mars. Það eru nemendur í 7. bekkjum grunnskóla sem taka þátt í keppninni um allt land.

Segja má að keppnin fari fram í tvennu lagi. Í fyrri hlutanum er lögð sérstök rækt við vandaðan upplestur og framburð í hverjum bekk. Þær vikur í skólunum sem helgaðar eru vönduðum upplestri eru mikilvægasti hluti keppninnar. Kennarar hvers skóla hafa veg og vanda af þessum hluta. Í Grundaskóla er haldin forkeppni þar sem valdir eru sex nemendur úr hverri bekkjardeild. Þeir keppa síðan innbyrðir á upplestrarhátíð í skólanum þar sem sex nemendur eru valdir til áframhaldandi þátttöku í keppninni fyrir hönd skólans.

Lokakeppnin hér á Akranesi fer fram í Tónbergi í mars og er ávallt mikið í hana lagt.

Úrslitin í ár urðu þau að Hilmar okkar Halldórsson varð hlutskarpastur en í öðru og þriðja sæti urðu nemendur úr Brekkubæjarskóla.






ENNEMM / SÍA / NM50116

# Sjávarútvegsþema 9. bekkjar

Það hefur verið hefð hér í Grundaskóla að 9. bekkur fræðist um sjávarútveg. Þar var engin undantekning á þetta árið. Þemadagarnir voru dagana 7. – 13. mars og hófust á ferð í HB Granda þar sem Þröstur Reynisson leiddi hópinn um vinnslusvæðið og fræddi krakkana um starfssemina.

Árgangnum var skipt upp í þrjá hópa, eftir áhuga hvers og eins; matreiðsluhópur, skreytingahópur og skemmtihópur. Veislusalinn hugsuðu krakkarnir sem sjávarbotn og á veggjum mátti sjá ýmsar tegundir fiska og skipa. Vinnunni lauk með heljarinnar veislu þar sem aðstandendum og starfsfólki skólans var boðið að njóta afrakstursins. Kvöldið þótti takast afbragðs vel enda stóðu krakkarnir sig með sóma.









# Kveðjubréf til

Nú er 10. bekk lokið og það er varla eins og 10 ár séu liðin frá því að við mættum í 1. bekk til þeirra Elísabetar Jóhannesdóttur og Ástu Egilsdóttur.

Við vorum algjör stuðhópur þegar við komum í 1. bekk með bros á vör og hor í nös og hefur það sannast í gegnum tíðina.

Þriðji bekkur byrjaði mjög skemmtilega með löngu kennaraverkfalli og enginn þurfti að mæta í skólann í tæplega tvo mánuði. Þó það hafi verið frekar svalt að fá svona langt frí þá var frekar erfitt að byrja aftur.

Í 6. bekk skelltum við okkur í Skorradal þar sem margt eftirminnilegt gerðist. Það sem flestir minnast mest er hinn sívinsæli kyssuflöskustútur þar sem hópur krakka sat í hring og flöskunni var snúið til þess að sjá hvern maður fengi að kyssa. Eins og í flestum skólaferðum var kvöldvaka og þar fengum við stelpurnar að klæða strákana upp sem stelpur og valinn var sigurvegari útfrá því hverjum tókst best.

Í maí 2009 kom bekkur frá Odense í Danmörku í heimsókn til okkar. Þau fengu að gista í heimahúsum hjá nemendum sem þótti heldur betur skemmtilegt að kynnast krökkunum. Við sýndum þeim Akranes, fórum í sund og margt fleira. Eftir nokkra rólega daga slettum við aðeins úr klaufunum og héldum eurovision partý. Að því loknu var haldið ball. Þar skutust ástarneistar á milli nemenda, sem endaði með vangadönsum. Mikil dramatík lá í loftinu þegar diskóinu lauk. Daginn eftir fórum við á Deildartunguhver, þar sem sögufræg manneskja stal poka af tómötum. Síðan kíktum við í sund í Borgarnesi. Síðan fengum við dag bara með Dönunum, þá var farið í verslunarferðir til Reykjavíkur, kíkt í bátaferðir og margt skemmtilegt gert.

Í byrjun apríl í 7. bekk fórum við í Ölver.

Okkur var skipt í herbergi eftir kynjum og var frekar þröngt um




*Aftari röð frá vinstri: Tryggvi Hrafn Haraldsson, Elmar Gísli Gíslason, Auðunn Andri Ólafsson, Breki Harðarson, Margrét Ákadóttir.*
*Miðjuröð frá vinstri: Kristín Ósk Björnsdóttir, Guðjón Snær Einarsson, Ester Lind Theodórsdóttir, Karin Anna Ólafsdóttir, Axel Bragi Bjarnason.*
*Neðsta röð frá vinstri: Elísabet Hlín Steinþórsdóttir, Ástrós Ólafsdóttir, Hrafnhildur Steinunn Sigurþórsdóttir, Albert Hafsteinsson.*
*Á myndina vantar: María Rún Ólafsdóttir, Aldís Rós Hrólfsdóttir.*




*Aftari röð frá vinstri: Einar Viðarsson (kennari), Tryggvi Björn Guðbjörnsson, Björn Heiðar Pálsson, Matthías Haukstein Ólafsson, Ragnar Már Lárusson, Kristján Þór Jónsson, Albert Páll Albertsson, Hörður Þór Harðarson.*
*Fremri röð frá vinstri: Elínborg Llorens Þórðardóttir, Vilborg Júlía Pétursdóttir, Hulda Sól Magneudóttir, Sigríður Eva Þorsteinsdóttir, Aldís Ylfa Heimisdóttir, Sara Ýr Jónsdóttir, Guðrún Karítas Sigurðardóttir.*
*Fremst á mynd: Jóhanna Ösp Stefánsdóttir.*
*Á myndina vantar: Katarínus Björnsson.*

# ! Grundaskóla




*Aftari röð frá vinstri: Gunnar Sturla Hervarsson, Aron Tryggvi Þorsteinsson, Guðmundur Darri Sverrisson, Helgi Grétar Gunnarsson, Daníel Þór Heimisson, Sindri Otti Símonarson, Kamil Fiolna, Hafliði Stefánsson, Arnþór Snær Hjaltason, Stefán Logi Samúelsson.*
*Fremri röð frá vinstri: Finnbogi Rúnar Kristjánsson, Guðný Björk Proppé, Fanney Rún Ágústsdóttir, Sara Lind Sigmarsdsóttir, Ragnheiður Eva Guðmundsdóttir , Brynja Dögg Magnúsdóttir, Björnfríður S. Björnsdóttir, Lilja Bjarklind Garðarsdóttir, Eiður Daði Bjarkason.*

okkur en þó gátum við skemmt okkur vel fram að síðasta kvöldinu. Kvöldvaka var haldin og gekk allt vel þar til leikir hófust.

Samkvæmt heimildum DV vorum við úti á svölum að grilla þegar óhappið gerðist, en í raun voru leikir í gangi og stór hluti okkar hljóp út á svalirnar að fylgjast með. Svo virðist sem ákveðnir nemendur hafi ekki séð nógu vel og tóku til við að hoppa sem endaði með því að svalirnar hrundu niður með um 20 krakka meðferðis.

Sem betur fer meiddist enginn alvarlega en þó voru nokkrir fluttir með sjúkrabíl á SHA.

Í níunda bekk fórum við á Laugar og gerðum margt skemmtilegt í þeirri ferð, en þó skeðu óhöpp. Þannig var að við fórum í gönguferð og það var klaki í brekkunni og stór hópur af krökkum fór að renna sér niður en það var hún Elísabet Hlín sem lenti frekar illa. Í fyrstu héldum við að þetta væri bara smá tognun en svo þegar heim var komið kom í ljós að þetta var brot. Nokkrir nemendur fengu matareitrun sem þurfti að rannsaka með allskonar spurningum og fleira.

Nú er komið að því að við kveðjum þennan yndislega skóla með sorgartárum og við taka löng og ströng framhaldskólaár. Við þökkum öllum kennurum, starfsmönnum og samnemendum fyrir öll þessi æðislegu ár. Við munum sakna ykkar.

***Kossar og knús.***
***Árgangur 1996.***



# Aftur til framtíðar

## Þróunarverkefni í unglingadeildinni

Eins og margir vita, hefur Grundaskóli þótt framsækinn skóli og starfsfólk hans jafnan verið óhrætt við að prófa nýja og ferska hluti í skólastarfinu. Það var nú samt þannig komið að unglingadeildin hafði um nokkurn tíma verið nokkuð hefðbundin og námsbókavinna og hefðbundin próf höfðu verið fastir liðir í skólastarfinu síðustu árin. Þótti mörgum tími til kominn að taka mið af nýjustu straumum í uppeldis- og kennslufræðum og því var ráðist í að sækja um styrk til að þróa starfið áfram í unglingadeildinni. Verkefnið hlaut nafnið Aftur til framtíðar en sá titill vísar í þekkta bíómynd sem fjallar um tímaflakk og það var einmitt markmiðið í nýju þróunarverkefni að ferðast aftur í tímann og nýta það sem hafði virkað vel í gegnum tíðina auk þess að horfa fram á veginn og leiða starfið inn á nýjar og ferskari brautir. Þær breytingar sem unglingadeildin gengur í gegnum um þessar mundir miða að því að minnka áherslu á hefðbundna námsbókavinnu en beina athyglinni í auknum mæli að þema- og verkefnabundinni vinnu þar sem nemendur fá að nýta styrkleika sína og fjölbreyttari aðferðir til að vinna verkefni sín.

Skólaárinu var skipt upp í 5 stór þemaverkefni þar sem nemendur unnu saman í hópum eftir áhugasviðum þvert á árganga og bekkjadeildir.

Eftirfarandi þemaverkefni voru unnin á skólaárinu: Náttúruþema, Unglingamenning, Þjóðsögur, Nýsköpun og hönnun og Heilsurækt (andleg, félagsleg og líkamleg). Margs konar fyrirkomulag var prófað í þessum verkefnum og einnig var áherslan lögð á fjölbreytt námsmat í formi munnlegra prófa, leiðsagnarmats og viðtala við nemendur í stað hinna hefðbundnu skriflegu prófa. Einnig var lögð mikil áhersla á að blanda aðferðum list- og verkgreinakennslu inn í hinar hefðbundnu námsgreinar auk þess að nýta tölvu- og tækjakost skólans betur en áður. Er ekki annað að sjá en að bæði nemendur og kennarar séu ánægðir með þessa breyttu kennsluhætti og líklegt að þessar breytingar séu komnar til að vera og muni þróast áfram á næstu árum.



## Nýsköpun og hönnun

**Hrafnhildur Arín, 8. bekk**

Það sem maður fékk helst út úr þemavinnunni var fjölbreytni í námið og þá gekk námið líka meira út á hópavinnu. Á hverri stöð voru fjölbreytt verkefni og var bæði gaman og fróðlegt að leysa þau. Mér fannst líka gaman að blanda hópnum þannig maður hafði möguleika á að kynnast nýjum krökkum og að umgangast aðra en vanalega. Af þessum vinnustöðvum fundust mér verklegu vinnustöðvarnar skemmtilegastar og áhugaverðastar, líklega vegna þess að þessi verkefni brutu upp hefðbundna vinnu og juku á fjölbreytni.

**Dóra Marín, 9. bekk**

Mér finnst þemavinnan vera mjög skemmtileg og góð

Eymundsson
Bóksali frá 1872





tilbreyting frá hefðbundinni heimavinnu. Þemaverkefnin hafa verið í allan vetur og fólk spyr sig hver tilbreytingin sé. Þannig er það, að þemun eru aldrei eins heldur hafa þau verið mörg og mismunandi eins og nýsköpunarþema, þjóðsöguþema, heilsuþeima og mörg fleiri og voru þau öll jafnskemmtileg. Þemavinnan hefur hjálpað mér að vinna mikið með öðru fólki og hef ég kynnst mörgum öðrum krökkum í gegnum þetta ferli. þetta er mjög skemmtilegt og ég vona að við höldum áfram með þessa vinnu á næsta skólaári.

### *Jóhanna Ösp, 10. bekk*

Þemavinnan sem var tekin upp núna fyrir u.þ.b. ári er alveg rosalega skemmtileg og spennandi leið til þess að læra eitthvað nýtt. Það sem var best var að fá að vinna með yngri krökkum og kenna þeim og þau kenndu okkur ýmislegt líka. Persónulega fannst mér fjölmenningarþemað skemmtilegast.



## Spurningar

*1. Afhverju eru stjörnur á himninum?*
*2. Hvað heitir stærsta fjall Íslands?*
*3. Hvað er Hrönn skólastjóri gömul?*
*4. Hversu margir nemendur eru í skólanum?*
*5. Hvað er Grundaskóli gamall?*

***Dagbjört Líf Guðmundsdóttir***
***2. MRJ 8 ára.***



Til að lýsa.
Vatnajökull.
54 ára.
205.
30 ára.

***Addi Gaui Björnsson 1. bekk***
***6 ára.***



Til að maður sjái á nóttuni.
Akrafjall.
67 ára.
200.
66 ára.

***Ylfa Unnarsdóttir 1. bekk.***
***7 ára.***



Til að lýsa á nóttunni.
Akrafjall.
85 ára.
209 krakkar.
30 ára.

***Dagur Karl Þrastarson 1.bekk***
***7 ára.***



Í fyrsta lagi væri engin birta og í öðru lagi væru engar plánetur.
Vatnajökull.
Pass.
100.
30 ára.

***Hafrún Tinna Hafsteinsdóttir***
***1. bekk 6 ára.***



Því að þá væru ekki til geimverur.
Akrafjall.
40 ára
100.
30 ára.

# Söngleikir í Grundaskóla

Tónlistarlíf hefur alla tíð verið blómlegt í Grundaskóla og margt verið brasað á því sviði í gegnum tíðina. Það var árið 2003 sem skólinn réðst í það metnaðarfulla verkefni að sýna frumsaminn söngleik í fullri lengd. Það voru þeir Flosi Einarsson og Gunnar Sturla Hervarsson sem sömdu og settu upp söngleikinn Frelsi ásamt nemendum í unglingadeildinni. Jafnframt var gefinn út geisladiskur með tónlistinni. Einar Viðarsson kom einnig að þessu bæði sem leikari og sinnti ýmsum störfum sem féllu til. Það er skemmst frá því að segja að söngleikurinn gekk svo vel að ákveðið var að setja upp nýjan söngleik á þriggja ára fresti. Síðan hafa litið dagsins ljós söngleikirnir Hunangsflugur og Villikettir, Draumaleit, Vítahringur og núna síðast Nornaveiðar. Allir hafa þessir söngleikir hlotið glimrandi viðtökur og ljóst er að góð hefð hefur skapast fyrir slíkum verkefnum í Grundaskóla. Þess má einnig geta að söngleikurinn Draumaleit var saminn í samvinnu við skóla frá Svíþjóð, Ítalíu og Tyrklandi og var hann m.a. sýndur í Svíþjóð í sameiginlegum flutningi leikara frá áðurnefndum þjóðum.

Eftir söngleikinn Frelsi hafa áðurnefndir Einar, Flosi og Gunnar Sturla séð um að semja og setja upp söngleikina og borið hitann og þungann af þessari vinnu. Einnig hafa fleiri kennarar komið sterkir inn í þessa vinnu eins og Karen Lind Ólafsdóttir danskennari, Ingibjörg Stefánsdóttir (hár og förðun) og Friðrika Eygló Gunnarsdóttir sem hefur hannað og saumað búninga af miklum myndarskap. Einnig hafa margir aðrir kennarar lagt hönd á plóginn og ekki má gleyma hlut foreldra sem hefur verið drjúgur í að smíða sviðsmyndir, útvega leikmuni og búninga auk þess að elda mat fyrir leikarana þegar æfingar eru sem stífastar. Má því segja að söngleikjaverkefnin hafi margs konar tilgang annan en þann að setja upp sýningar fyrir bæjarbúa því nemendur hafa hlotið ný tækifæri til að blómstra auk þess sem foreldrar hafa fengið tækifæri til að kynnast og vinna með börnum sínum að jákvæðum og skemmtilegum verkefnum innan skólans.

## Söngleikurinn Nornaveiðar

Söngleikurinn Nornaveiðar eftir Einar Viðarsson, Flosa Einarsson og Gunnar Sturlu Hervarsson var frumsýndur í Bíóhöllinni á Akranesi þann 25. febrúar s.l. og voru alls 9 sýningar sem allar voru fullar út úr dyrum og því komu rúmlega 2000 manns til að sjá sýninguna. Danshöfundur var Sandra Ómarsdóttir.

Nornaveiðar er söngleikur sem styðst við nokkur þekkt minni úr heimi ævintýranna og virtist hann höfða vel til bæði barna og fullorðinna. Nemendur í unglingadeild skólans voru u.þ.b 60 sem komu að uppfærslunni og stóðu sig allir frábærlega vel og lögðu á sig þrotlausa vinnu í u.þ.b. 6 vikur til að sýningin gæti orðið að veruleika. Eins og alltaf voru foreldrar einnig duglegir að hjálpa til við hin ýmsu störf sem til féllu. Geisladiskur með frumsaminni tónlist söngleiksins seldist ágætlega og lög hans eru enn að hljóma víðs vegar um bæinn og ljóst er að börn á leikskólum bæjarins hafa tekið ástfóstri við hann þar sem atriði úr honum eru gjarnan leikin í samverustundum og ekki er óalgengt að sjá börnum með nornahatta bregða fyrir víðs vegar um bæinn.

## Hunangsflugur og Villikettir

Ég tók þátt í söngleiknum Hunangsflugur og Villikettir þegar ég var nemandi í 10.bekk í Grundaskóla árið 2005. Þetta var ótrúlega spennandi og skemmtilegt verkefni sem var gaman að taka þátt í. Það var stór hópur sem vann að þessu verkefni í langan tíma, hvort sem það var uppi á sviði eða baksviðs.

Að taka þátt í söngleik eins og þessum var mjög krefjandi en á sama tíma ótrúlega skemmtilegt. Við krakkarnir unnum vel saman í hóp og sáum hversu mikil vinna var að koma þessu öllu heim og saman. Þetta var án efa hápunktur skólagöngunnar og mér finnst frábært að kennarar Grundaskóla haldi áfram að brjóta upp skólaárið á skemmtilegan hátt.

***Hulda Halldórsdóttir***





## Draumaleit

Mér fannst frábært að fá að taka þátt í Draumaleit. Ég vissi ekki alveg hvað ég var að fara út í þegar ég fór í söngprufurnar en ég var alveg pottþéttur á því að þetta yrði skemmtilegt. Að fá að taka þátt í svona verkefni er frábært því að það eru alls ekki allir grunnskólanemendur svo heppnir að fá að gera þetta. Það var ótrúlega gaman að vera með öllum krökkunum og maður kynntist samnemendum sínum betur. Margir sem voru feimnir breyttust alveg og það var gaman að sjá. Frábær reynsla og ég mun aldrei gleyma þeim tíma sem ég var í Draumaleit.

***Hallur Flosason***

## Vítahringur

Að taka þátt í uppsetningunni á Vítahring, haustið 2008 var sennilega það skemmtilegasta sem við höfum tekið þátt í í Grundaskóla. Þetta var stór hópur sem tók þátt og hjálpaði til, og ekki endilega allir sem þekktu alla. En það var enga stund að breytast og myndaðist fljótt mjög góður andi í hópnum. Uppsetningin á leikritinu krafðist mikillar vinnu og ansi mikillar æfingar og fengum við að finna fyrir því að þetta er alls ekki bara grín og glens. Mikil vinna og þolinmæði fóru í æfingarnar, en þó voru þær ekki síður skemmtilegar en sýningarnar sjálfar.

En þessi tími víkur okkur seint úr minni og mælum við endregið með því að taka þátt í verkefnum sem þessum.

***Emilía og Hulda Margrét***





# Skólaminningar starfsmanna

## Steindóra Steinsdóttir (Dódó)

Það er margt sem stendur upp úr þessari skólagöngu hérna í Grundaskóla. Ég vil byrja á því sem stendur mér næst og það eru öll íþróttamótin sem við héldum á unglingastiginu það var keppt í fótbolta, körfu og handbolta... allt á malbiki! Síðan er sterk í minningunni þegar krakka frá Húsavík komu í heimsókn og við fórum svo til þeirra. Vinkonuhópurinn minn saumaði sér derhúfur fyrir norðurleiðina og gerðu við það í okkar frítíma niðri hannyrðastofu. Við eignuðumst marga góða vini þarna fyrir norðan og vinskapurinn hefur haldist!

## Valgerður Jónsdóttir

Ég gleymi því aldrei þegar Flosi bakkaði á jólatréð þegar skólakórinn var að æfa fyrir Litlu jólin, sem þá voru haldin í myndmenntastofunni. Hann var svo upptekinn við að stjórna kórnum að hann bakkaði aðeins of langt og datt á jólatréð. Jólatréð féll í gólfið með skrauti og öllu saman og Flosi lá afvelta ofan á því. Kórinn ætlaði að rifna úr hlátri. Svo man ég að ég valdi mér alltaf að fara í tónmennt og var oft eina stelpan, sérstaklega þegar við fórum að eldast.

## Berta Ellertsdóttir

Ég á margar góðar minningar úr Grundaskóla enda virðist ég ekki geta slitið mig frá honum. Hjá mér standa upp úr ferðirnar í Reykjaskóla og Þórsmörk. Einnig skíðaferðirnar, bæði þegar rútan valt og þegar ég skíðaði á staur og hálfvankaðist. Náttúrufræðitímarnir hjá Sigga Arnari og dönskutímarnir hjá Leó eru ansi eftirminnilegir. Lokaverkefnið í stærðfræði í 10. bekk situr líka eftir þar sem það reyndi á skapandi hugsun og eigin færni og maður mátti leggja bókunum.

## Valdís Sigurvinsdóttir

Ég á margar góðar minningar úr Grundaskóla. Það sem stendur helst upp úr eru allar ferðirnar sem voru farnar eins og skíðaferðir, Reykjaskóli og leikhúsferðir. Þemadagar þar sem allur skólinn tók þátt í, íþróttamótin og Grundaskólakórinn í fallegu ljósbleiku hettupeysunum. Einnig man ég vel eftir ansi mörgum skemmtilegum frímínútum sem nýttar voru í teygjó inn í Síberíu sem var gamli inngangurinn inn í skólann. Fyrsta kennaranum gleymi ég líka seint, hún var einstaklega brosmild og með brosinu fylgdu yfirleitt vel varalitaðar tennur. Að lokum er það gamli bekkurinn, krakkar sem ég „ólst upp“ með í 10 ár. Þar voru margir snillingar sem reyndu oft á þolrifin í kennurunum og en oftar en ekki kölluðu þeir fram bros hjá þeim.

## Christel Björg Rúdolfsdóttir

Skólaganga mín í Grundaskóla er full af góðum minningum enda ákvað ég að verða kennari og kenna við þennan skóla, ætli það hafi ekki eitthvað með minningarnar að gera. Það sem stendur upp úr eru skólaferðalögin og þá sérstaklega lokaferðalagið, skíðaferðalögin og fermingarferðalagið. Mér eru líka minnisstæðir dönsku tímarnir hjá Gutta, verklega og skapandi vinnan, bekkjarkvöldin og svo böllin á unglingastiginu og öll leikritin sem við gerðum hjá Valgeiri kennara. Ég vil óska starfsfólki og nemendum Grundaskóla til hamingju með afmælið. Ég er afskaplega þakklát fyrir að hafa verið nemandi og síðar kennari við skólann.

## Laufey Jóhannsdóttir

Eftirminnilegustu atvik úr skólagöngunni í Grundaskóla eru líklega stríðin á milli 10. FE sem ég var í og 9. SAS. Það var stöðugt verið að finna upp á einhverju ógeðslegu sem hægt var að gera við hinn bekkinn. Kennararnir Flosi og Sigurður Arnar tóku virkan þátt í að trylla lýðinn með fótboltaumræðu og fleiru. Eitt skiptið náðum við í 10. FE t.d. að spreyja skítafýluspreyi inn í stofuna hjá 9. SAS og loka þau inni í stofunni á meðan lyktin var í hámarki. Þetta þótti afar góður hrekkur. Einnig gleymast seint ferðalögin með skólanum. Skíðaferðlögin og lokaferðin í Þórsmörk voru toppurinn.

## Margrét Ákadóttir og Kristrún Dögg Marteinsdóttir

Við bekkjarsysturnar eigum margar góðar minningar úr Grundaskóla. Þegar við hófum skólagöngu okkar í Grundaskóla voru einungis þrír árgangar við skólann. Síðan þá höfum við upplifað skólann vaxa með hverju árinu. Það sem okkur fannst einkenna skólann var heimilislegt andrúmsloft. Við áttum alltaf greiðan aðgang að starfsfólki skólans. Allir virtust boðnir og búnir til að gefa af sér. Báðar hófum við starfsferil okkar í Grundaskóla strax eftir útskrift og þetta notalega andrúmsloft finnst okkur enn vera eitt af megin einkennum skólans.

## Hjördís Dögg Grímarsdóttir

Ég var í Grundaskóla frá árinu 1986 til ársins 1996 en héðan á ég bara góðar minningar. Var lánsöm að fá að fylgja yndislegum samnemendum mínum og kennurum. Minningarnar eru margar en það sem stendur upp úr í mínum huga er viðmót

starfsmanna, frelsi nemanda og sköpunargleðin sem sveif um ganga skólans. Ég man sérstaklega eftir þemavinnu sem gekk þvert á skólann , man þegar ég var í fyrsta bekk og fékk að gera fréttarit með eldri nemendum. Svo man ég þegar allir árangar skólans blönduðust í gamla tíma þema. Gömlu dansarnir standa þar upp úr þar sem mér fannst afar merkilegt að ég nemandi í 9. bekk væri að dansa við nemanda í 4. bekk. Hversu magnað er það?



### *Valgerður Valsdóttir og Ragnheiður Þórðardóttir*

Við eigum margar góðar minningar úr Grundaskóla, okkur leið alltaf vel hér. Öll skólaferðalögin sem við fórum í t.d. skíðaferðir, Þórsmörk og Skorradalur eru eftirminnileg. Við munum einnig eftir því þegar árgangurinn átti að fá að gera eitthvað skemmtilegt vildi Leó kennari ekki að við myndum panta pizzu og horfa á video eins og hinir bekkirnir. Við þurftum að dröslast uppí Akrafjall með nesti og heitt kakó. Okkur fannst þetta alls ekki spennandi en þegar þangað var komið var þetta alveg frábær ferð. Ein sú eftirminnilegasta á skólagöngunni. Einnig getum við montað okkur að því að við kunnum næstum öll Kim Larsen lögin, Leó sá til þess. ☺

### *Sigurður Þór Elísson*

Það eru nú margar góðar minningar sem koma upp í hugann þegar maður hugsar til námsáranna í Grundaskóla. Meðal annars að Grundaval hafi verið með útibú hér á skólalóðinni, það var ótrúlegt frá öllum hliðum séð. Það voru farnar nokkrar ferðirnar í Grundaval í óþökk kennaranna. Sveinn Kristinsson kenndi bekknum mínum frá því í 2. bekk og upp allan grunnskólann. Í SK. bekknum var mjög fjölbreyttur hópur en samheldinn. Það var alltaf haft teppi í skólastofunum hjá Sveini og þar voru ÖLL heimsins mál rædd og leyst. Allt frá því að gera upp ágreining á sundæfingum til mótorhjólaviðgerða. SK. bekkurinn gerði sér jólatré fyrir ein jólin. Jólatré þetta var gert úr furu og skreytt með mosa og berjalyngi og einnig voru sett kerti á tréð. Það var svo ein jólin að hamagangurinn var það mikill að eldur varð laus í jólatrénu. Sveinn greip tréð og rauk með það út úr skólanum og lét það flakka í næsta snjóskafl. Einnig vorum við annar árgangurinn sem sinnti gangbrautarvörslu í skólanum, en sá góði siður hefur haldist síðan. Námsáranna í Grundaskóla minnist ég með brosi á vör og gleði í hjarta. Grundaskóli er skólinn minn.

### *Berglind Þráinsdóttir og Guðný Ósk Stefánsdóttir*

Við eigum margar góðar minningar úr Grundaskóla enda var ansi margt gert í árgangi 1975. Margar frábærar ferðir voru farnar en það sem stendur þó uppúr er þegar árgangurinn var

stokkaður upp í unglingadeildinni og nýir bekkir myndaðir. Þessi breyting fór misvel í mannskapinn og mættu sumir í skólann með vasadiskó og ætluðu ekki að tala við neinn eða taka þátt í þessu bulli. Kennararnir, Borghildur og Birgir, héldu sínu striki og eiga hrós skilið fyrir hvernig til tókst. Í 10. bekk kenndu þau okkur saman þ.e. við vorum einn bekkur í tveimur stofum með tvo kennara. Við erum fullvissar að þetta hafi gert ótrúlega mikið fyrir árganginn enda tölum við alltaf um okkur sem einn bekk.

### *Rósa Björk Bjarnadóttir*

Það sem stendur upp úr er Guðni Björgólfsson sem kenndi mér í 4-7. Gbj. Hann var alveg einstakur og frábær (íslensku) kennari. Hann hafði þann háttinn á að ef maður var með villulausan stíl þá fékk maður frí í einn dag. Einnig stendur upp úr þegar verslunin Grundaval var á skólalóðinni og við nemendurnir flykktumst þar inn í frímínútum og keyptum okkur hálft óskorið franskbrauð og átum innan úr því (mjög hollt og gott). Sameiginlegar árshátíðir beggja skóla sem haldnar voru í bíóhöllinni stóðu líka alltaf fyrir sínu.

### *Áslaug Ragna Ákadóttir*

Ég á margar skemmtilegar minningar úr Grundaskóla og vil ég helst nefna frábæru íþróttamótin sem haldin voru. Þar var bæði keppt í fótbolta og handbolta og myndaðist mikil stemmning og keppni sem gaman var af. Einnig er gaman frá því að segja að bekkurinn minn spilaði alltaf fótbolta í frímínútum, þar sem skiptingin var stelpur á móti strákum. Við fundum okkur alltaf einhvern stað á skólalóðinni og spiluðum til gamans. Þessir leikir voru jafnir og unnum við á víxl. Þetta gerðum við alveg frá 2.- 7. bekk og gekk ótrúlega vel, þar var enginn dómari og sjaldan komu upp ágreiningsmál, frábærar minningar.

# *Sagnaþula í grunnskóla*

Flest höfum við gaman af því að hlusta á góðar sögur. Í okkur öllum býr sagnamaður sem hefur kannski ekki verið virkjaður. Sögur eru líka frábær leið til að vinna með börnum, unglingum og raunar öllu fólki. Með þeim er hægt að miðla þekkingu, vekja til umhugsunar, örva sköpun eða bara skemmta.



Frá árinu 2008 hefur stjórn Grundaskóla sett tvo tíma á viku í stundatöflu eins kennara skólans. Sá kennari er Þóra Grímsdóttir, sérkennari og sagnaþula.

,,Ég veit ekki til þess að þetta sé gert í öðrum skólum á Íslandi. Ég veit til þess að ýmsir sagnaþulir á hinum norðurlöndunum hafa starfað í grunn- og leikskólum í hlutastarfi eða jafnvel í fullu starfi. Þeir sagnaþulir eru þá gjarnan kennarar að mennt.“

Sagnaþulan í Grundaskóla fer í alla bekki skólans. Nær undantekningalaust er einungis ein saga sögð í hvert skipti. Rætt er um söguna, sögupersónur og söguþráðurinn rifjaður upp. Nemendur eru líka spurðir um boðskap sögunnar en flestar sögur hafa einhvern boðskap. Nemendur eru síðan hvattir til að segja söguna heima og sem flestum því æfingin skapar meistarann.

Best er að segja söguna í ekki stærra hópi en bekk. Það skapast meiri nánd í litlum hópi en stórum en það að ná augnsambandi við hlustendur er stór hluti töfranna sem skapast í sögustund.

Við sérstök tækifæri hefur þó sagnaþulan sagt fullum sal af börnum sögur s.s. á þemadögum á unglingastigi, á jólum eða á vordögum svo eitthvað sé nefnt.

Á þemadögum unglinga og alls skólans hefur sagnaþulan unnið með hópa í framsögn og þjálfað nemendur í því að segja sögur.

Sú ánægjulega nýbreytni var tekin upp í vetur hjá kennurum 4. bekkjar að fá öll börnin til þess að æfa sögu heima og koma síðan fram fyrir sinn bekk og segja söguna.

Það er óskandi að við Íslendingar förum að endurvekja þá fornu íþrótt að segja sögur eins og gert var hér áður fyrr. Kannski er hið vinsæla uppistand sem nú hefur rutt sér til rúms meðal ungs fólks einn þáttur í því að segja sögu.

# Ungir-Gamlir

## *Tónlistarval á unglingastigi*

Tónlistarverkefnið Ungir-Gamlir fór fram í fyrsta skiptið í nóvember 2006 og hefur upp frá því verið árlegur viðburður í menningarlífinu á Akranesi. Um er að ræða samstarfsverkefni Grundaskóla, Brekkubæjarskóla og Tónlistarskólans á Akranesi. Markmið þessa verkefnis er að gefa ungum tónlistarmönnum á Akranesi tækifæri til að vinna með reyndu tónlistarfólki sem vonandi eykur áhuga þeirra á að ná lengra á tónlistarsviðinu.

Verkefnið hefur verið unnið þannig að áhugasamir nemendur skrá sig til þátttöku í tónleikunum sem alltaf fara fram á Vökudögum. Síðan æfa nemendur upp atriði með hjálp frá kennurum skólanna og auk þess koma þekktir tónlistarmenn við sögu sem gefa nemendum góð ráð varðandi atriði sín. Á hverju ári hafa 2-3 þekktir söngvarar lagt verkefninu lið og tekið þátt í tónleikunum og komið fram á tónleikunum ásamt nemendum og einnig flutt lög við undirleik svokallað húsbands sem skipað hefur verið reyndum hljóðfærleikurum. Fjölbreytt tónlistaratriði hafa litið dagsins ljós og Bíóhöllin á Akranesi hefur alltaf verið troðfull á tvennum tónleikum.

Sem dæmi um tónlistarmenn sem tekið hafa þátt í verkefninu má nefna Eirík Hauksson, Helga Björnsson, Sigríði Beinteinsdóttur, Heru Björk Þórhallsdóttur, Bogomil Font, Andreu Gylfadóttur og á þessu skólaári heiðruðu Valgeir Guðjónsson,



Dagur Sigurðsson og Jón Jónsson tónleikana með nærveru sinni.

Reynt hefur verið að fitja upp á nýjungum í hvert skipti og má



segja að tónleikarnir hafi orðið glæsilegri með hverju árinu sem líður. Á þessu ári var ráðist í þá nýjung að bjóða upp á tónlistarval á unglingastigi þar sem nemendum býðst að læra á hljóðfæri og fara í söngtíma auk þess sem þeir hafa farið á námskeið í tónlistarsögu, áslætti, tölvuupptökum o.fl. Er það von aðstandenda verkefnisins að með tilkomu tónlistarvalsins muni áhugi nemenda á hljóðfæraleik og söng aukast enn frekar.

Tónlistarverkefnið Ungir-Gamlir hefur verið í umsjón Flosa Einarssonar og Heiðrúnar Hámundardóttur.



VERZLUNIN
Bjarg
SÍMI 431 2007
STILLHOLTI 14
AKRANESI

VERKÍS
VERKFRÆÐISTOFA 1932 – 2012

Þór Birgisson:

# Unglingurinn pælir í öllu

Nú eru liðin hartnær 8 ár frá því að ég útskrifaðist úr Grundaskóla og þegar ég er beðinn um að líta til baka get ég vel ímyndað mér að raunveruleikinn eigi lítt skylt við minningarnar. Í mínu minni birtist ég sem uppreisnargjarn og uppátækjasamur unglingur með mikla orku sem erfitt var að temja á skólabekk. Núverandi Velferðarráðherra Íslands og fyrrum skólastjóri Grundaskóla getur eflaust vottað fyrir það.

Unglingsárin eru mikil mótunarár þar sem við vöknum til meðvitundar um umhverfi okkar og persónuleika, og það getur reynst erfitt að finna sig í einsleitu skólakerfi sem gengur út frá því að allir nemendur séu eins, óháð hæfni og áhuga.

Skólinn og samfélagið haldast í hendur. Það að ætlast sé til þess að allir séu eins í skóla smitar frá sér yfir í samfélagið og samfélagið fer að búa til allskonar staðla sem aðeins fáir hafa kunnáttu eða getu til að framfylgja. Þessi vilji okkar til að fylgja samfélaginu er okkur eðlislægur alveg frá blautu barnsrassgati. Við fylgjumst með og lærum af öðrum til að komast af í þessum heimi. En það er kannski fyrst þegar maður er unglingur að einstaklingurinn fer, eins og ég sagði áðan, að vakna til meðvitundar um þetta. Þ.e. hann fer að pæla markvisst í þessu. Unglingurinn (já, ég er unglingasérfræðingur) pælir í öllu og analíserar allt til fjandans. Analíseringin felst í því að læra að hegða sér eins og allir hinir í kringum sig, sem verður til þess að allir fara að haga sér, klæða sig og jafnvel labba alveg eins.

Þessi ofur-analísering, oftast með það fyrir augum að fá samþykki frá samfélaginu, fylgir okkur alla tíð. Hún breytist bara og pressan frá samfélaginu verður stærri og ógerlegri. Þú átt að klára stúdentinn svo þú getir farið í háskóla, þar sem þú átt helst að læra eitthvað „almennilegt“ eins og læknisfræði, lögfræði, arkitektúr eða eitthvað sambærilegt. Þá koma loks peningarnir, flotti bíllinn og Swen and Weber grillið inn í myndina.

Ég er ekki að segja að þetta sé röng leið, það er bara rangt að halda því fram að allir geti og eigi að reyna eftir fremsta megni að fara þessa leið. Í dag er ég að læra að vera leikari, ég stunda nám mitt við Leiklistar- og dansdeild Listaháskóla Íslands. Einu sinni ætlaði ég að vera arkitekt, og skrifaði það á eitthvað plaggat í lífsleikni í 10. bekk. Þá var ég aldeilis með lífið planað. Fyrst: klára smiðinn, næst: aukaeiningar til stúdentsprófs, og að lokum: sjippa mér beint í háskólann. Ég ætlaði að teikna hús. Ég veit ekki hvernig í fj******* mér datt í hug að ég gæti teiknað hús, ég sem get varla teiknað Óla prik. Þrátt fyrir það hékk plaggatið með sóma inn í kennslustofunni þarna innst inni í bláa skóla (unglingadeildinni). Svo sat ég, arkitektinn, í stólnum mínum og hlustaði á samnemendur mína og kennara hrósa mér fyrir metnaðarfull markmið. Á þessum tímapunkti var ég engan veginn mættur á þann stað að ætla verða leikari í lífinu, en ef ég horfi til baka þá hefur eflaust eitthvað verið að gerjast inni í litla arkitektinum. Árinu áður hafði ég tekið þátt í uppsetningu á fyrsta söngleik Grundaskóla; *Frelsi*.



Fyrir Frelsi hafði ég ekki mikla reynslu upp á sviði. Það er kannski einna helst hægt að nefna þátttöku mína í Hæfileikakeppni Grundaskóla, þar sem ég rappaði til sigurs 2 ár í röð, fyrst með Arnóri Smárasyni og svo með Magnúsi Geir (þeir eru sko vinir mínir og ég varð bara að skrifa velgengni okkar inn í þessa grein). Svo kom söngleikurinn Frelsi; það var eitthvað nýtt, eitthvað ferskt og spennandi. Þarna var kominn vettvangur innan veggja skólans sem ég tengdi við og opnaði fyrir mér nýjan heim.

Þegar ég mætti í prufur fyrir Frelsi sátu í dómnefndinni þrír kennarar sem ég kannaðist svo sannarlega við, því að auk þess

að sitja saman í dómnefnd þá áttu þessir kennarar það einnig sameiginlegt að hafa allir, á einhverjum tímapunkti á skólagöngu minni, vísað mér út úr tíma (og sumir jafnvel sent mig alla leið á stefnumót með velferðarráðherranum). Í prufunum og á komandi ferli tókst okkur hinsvegar að kynnast upp á nýtt. Í stað þess að framfylgja skólakerfinu þar sem ég lék nemanda og þeir léku kennara, mættumst við á jafningjagrundvelli þar sem enginn þurfti að leika neitt, nema náttúrulega kölska og Einsa á Einsaborgurum. Og þar liggur frelsið (no pun intended) sem ég tel að allir nemendur í öllum skólum landsins eigi að fá að njóta. Frelsið er þegar þú gerir eitthvað sem enginn er að segja þér eða biðja þig um að gera; þú gerir það bara af því að þér finnst það skemmtilegt. Frelsið breytir úreltum stöðlum, þroskar þig í mannlegum samskiptum og stuðlar að sterkari og skýrari sjálfsmynd.

Svo ég endi þetta á dramatískum nótum þá er það akkúrat þetta frelsi sem laðar fram allt það besta í fari mannsins; sjálfstæða hugsun, heiðarleika, sjálfstraust, eldmóð, frumleika, auðmýkt, ábyrgðartilfinningu, sköpun og heiðarleika.

Bottom læn: Ég hvet alla, ekki bara nemendur, til að standa



upp og gera eitthvað af engri ástæðu annarri en eigin hvötum, löngunum eða þrám.


## Eftirtaldir aðilar óska Grundaskóla til hamingju með 30 ára afmælið

| | |
|---|---|
| Hárhöfði | Páll Skúlason, pípulagnir |
| Sjóvá | Mikligarður ehf |
| Steðji | Viðskiptaþjónusta Akraness ehf |
| Hársnyrti- og rakarastofa Gísla | Trésmiðja Akraness ehf |
| Sjúkraþjálfun Georgs Janussonar | Smurstöð Akraness |
| Brautin ehf | Veiðibúðin |
| Bjarmar ehf | Bakaríið Brauðval |
| Sigurður Þór Elísson, ökukennari | Gámaþjónusta Vesturlands ehf |
| Bifreiðastöð ÞÞÞ | Verslunin Nína |
| Ökukennsla Viðars Einarssonar | Olíuverslun Íslands hf. |
| Karen Lind Ólafsdóttir, ökukennari | Straumnes |
| Tannlæknar, Laugarbraut ehf | Telnet ehf |
| Trésmiðjan Akur ehf | Knattspyrnufélag ÍA |
| Trésmiðjan Bakki ehf | Contact hárstofa |
| Endurskoðunarstofan Álit ehf. | Versl. Einar Ólafsson |
| Hópferðabifreiðar Reynis Jóhannssonar | Prjónabúðin Ævintýrakistan |

# Samsöngur í Grundaskóla




Í áraraðir hafa nemendur á unglingastigi Grundaskóla komið saman og sungið. Fyrir um það bil þremur árum vaknaði hugmynd um að halda það sem kallað var stóran samsöng þar sem allir nemendur væru þátttakendur.

Til að gera langa sögu stutta féll hugmyndin í góðan jarðveg. Eftir nokkrar vangaveltur var leitað á náðir starfsmanna Íþróttamiðstöðvarinnar á Jaðarsbökkum sem tóku vel í það að nýta íþróttasalinn undir samsönginn.

Þegar þessi orð eru skrifuð er tveggja skólaára reynsla að baki og öllum ljóst að stóri samsöngurinn er kominn til að vera. Stefnt er að því að stór samsöngur verði þrisvar á hverju skólaári, fyrst í kringum dag íslenskrar tungu, síðan í desember og loks að vori. Lagavalið er fjölbreytt og þátttaka nemenda hefur aukist jafnt og þétt. Lokalagið um vináttuna úr Frelsi hefur síðan unnið sér fastan sess sem síðasta lag hverju sinni.

Í vetur hafa allir nemendur á yngsta- og miðstigi farið í samsöng tvisvar sinnum í mánuði. Umsjón með samsöngnum hefur Valgerður Jónsdóttir, tónmenntakennari, en hver bekkur mætir með sínum kennara. Samsöngur hefur gengið vel í vetur og fer nemendum stöðugt fram í söngnum.

Markmiðið með samsöngnum er að gefa nemendum tækifæri á að hittast og syngja saman, læra ný lög en einnig að læra að sýna góða hegðun í stórum hópi svo stundin verði góð og allir njóti sín.



Í vetur hefur komist á skemmtileg hefð í kjallaranum. Hún er sú að nemendur í 1. og 2.bekk safnast saman á ganginum og syngja nokkur lög við gítarundirleik áður en þau fara í list- og verkgreinar. Markmiðið er að eiga saman notalega stund og höfum við stundum kveikt á kertum til að ná fram rólegri og góðri stemmningu áður en börnin fara að vinna.



Elkem
Ísland

## 5.-7 bekkur:

# Skólakór



Í september fóru í gang kóræfingar fyrir sönggláða nemendur í 5.-7.bekk. Mikill áhugi var fyrir kórnum og komu fjölmargir og prófuðu á fyrstu æfingunum. Nú eru 34 nemendur skráðir í kórinn og hefur myndast góður kjarni krakka sem eru duglegir að mæta og leggja sig fram við æfingar.

Mikið var að gera á aðventunni þar sem kórinn söng á Litlu jólunum í Grundaskóla, Jólasamsöngnum og svo á skemmtun í Safnahúsinu að Görðum. Eins fékk kórinn það skemmtilega verkefni að afhenda jólagjafir frá Grundaskóla til stofnana hér í bænum. Þá var okkur ekið um bæinn í rútu og fórum við t.d. á milli allra leikskólanna og sungum fyrir börn og starfsfólk.

Á vorönn hefur einnig verið nóg að gera. Stærstu viðburðirnir eru Árshátíð Grundaskóla þar sem kórinn kom fram á öllum sex sýningunum. Í apríl fórum við svo í vorferðalag að Laugarvatni þar sem við hittum Skólakór Bláskógabyggðar og eyddum með þeim einum degi við söng og leiki.
Semsagt heilmikil gleði, hamingja, einbeiting og vinnusemi.

# Tónmennt

Það er oft líf og fjör í tónmenntastofunni og má segja að markmiðið sé að allir láti í sér heyra á jákvæðan og skapandi hátt. Í vetur hafa nemendur á yngsta stigi verið duglegir að æfa sig að spila á skólahljóðfæri eins og congas og bongótrommur, stafi, hristur, tréspil og klukkuspil. Þá er alltaf spennandi að prófa að spila á píanó, trommusett og jafnvel gítar. 4. bekkingar hafa allir æft samspilslög og leikið fyrir skólafélaga sína í samsöng, en þetta hefur vakið mikla lukku og er mikill metnaður hjá krökkunum að koma sínu vel til skila á sviðinu.

1.og 2. bekkur hafa unnið mikið með blæ hljóðfæra og tengt við dýr og dýrahljóð. Þannig höfum við hljóðskreytt sögur og búið til tónlist um dýr. Við syngjum yfirleitt í hverjum tíma, förum reglulega í tónlistartengda leiki, dönsum og hreyfum okkur. Sem sagt gleði og gaman í tónmenntartímum.

Krakkarnir á miðstigi hafa unnið mikið með tónlistarforritið garageband. Þau hafa lært form laga og hvernig sé best að gera lag og texta. Einnig höfum við verið með rafmagnað samspil og vekur það alltaf mjög mikla lukku. Við vorum bæði með frumsamin blúslög út frá ákveðnum hljómum og svo eru krakkarnir í 7. bekk núna að æfa sig að spila og syngja Knocking on heavens door.














# Það er leikur

Um þessar mundir er unnið að gerð lestrarstefnu fyrir Grundaskóla. Þar er leitast við að skapa samfellu og stíganda í lestrarnáminu með því að sameina í eina heild þrjár kennsluaðferðir, Gagnvirkan lestur, Byrjendalæsi og Orð af orði. Allar fela þær í sér skapandi vinnu með tungumálið þar sem jöfnum höndum er unnið með hlustun, tal, lestur og ritun. Nemendur læra að kryfja texta til mergjar, skoða og skilgreina orð og orðtök, átta sig á skyldleika orða og nýta nýjan orðaforða í ritunarverkefnum og annarri skapandi vinnu.





# að lesa


Tíu þjóðsögur


WRANGLER 94


Stjarna




VINKONU
SAMANÁT
SKÓLABÓT
SKÓLATASKA




Puma
SJÓN
Sagan af furðufugli







## Spurningar

*1. Afhverju eru stjörnur á himninum?*
*2. Hvað heitir stærsta fjall Íslands?*
*3. Hvað er Hrönn skólastjóri gömul?*
*4. Hversu margir nemendur eru í skólanum?*
*5. Hvað er Grundaskóli gamall?*

***Aldís Rós Hrólfsdóttir 10. MÁ 15 ára.***



Það eru bara stjörnur á himnum.
Öööö.
51 árs.
500-600.
30 ára.

***Albert Hafsteinsson 10. MÁ 15 ára.***



Veit ekki.
Esja.
52.
713.
25.

***Auður Þórhallsdóttir 2. MRJ 7 ára.***



Útaf því að það er nótt.
Snæfellsjökull.
50 ára.
Veit ekki.
30 ára.

***Ellert Lár Hannesson 2. MRJ 7 ára***



Til að lýsa.
Akrafjall.
65 ára.
280.
30 ára ég meina 54 ára með skólann.

***Hrafnkell Váli Valgarðsson 2. MRJ 7 ára.***



Til að lýsa.
Hekla.
64 ára.
290.
60 ára.



# *Uppbygging sjálfsaga*

Hvernig persóna viltu vera? Er þessi hegðun að hjálpa þér til þess? Spurningar í þessum dúr eru notaðar í uppeldisstefnunni sem Grundaskóli vinnur eftir. Þegar við spyrjum spurninga þar sem krakkarnir þurfa að leita inn á við eftir svörum, fáum við nánast undantekningalaust einlæg og jákvæð svör. Krakkarnir vilja vera góðir og jákvæðir einstaklingar. Enginn vill vera vondur eða neikvæður, hvorki krakkar né fullorðnir.

Er málið svona einfalt? Bara að spyrja og fá svör og málið er leyst? Nei, alls ekki . Til að vera góður leikmaður t.d. í íþrótt þarf maður að æfa sig; læra reglur og alls konar æfingar og gera tækniæfingar og ýmislegt fleira í þeim dúr. Það sama gildir um uppbyggingu sjálfsagans. Ef viðhorf eru jákvæð og vilji til æfinga er til staðar mun útkoman verða góð.

Á heimasíðu skólans eru góðir fræðslumolar um stefnuna. Til að kynna sér stefnuna betur er upplagt að skoða hana.

***Laufey Karlsdóttir stýrimaður Uppbyggingarstefnunnar***





Verkalýðsfélag Akraness

# Kosningar 2012



***Stelpa skólans:***
1. Aldís Ylfa (10. b.)
2. Guðrún Karítas (10. b.)
3. Elínborg Llorens (10. b.)



***Strákur skólans:***
1. Matthías Haukstein (10. b.)
2. Albert Hafsteins (10. b.)
3. Albert Páll (10. b.)



***Bros skólans:***
1. Sindri Snær (8. b.)
2. Björnfríður (10. b.)
3. Katarínus (10. b.)



***Kennari skólans:***
1. Magga Áka

2. Írís Aðalsteins
3. Valgarður



***Húmor skólans:***
1. Elmar Gísli (10. b.)
2. Daníel Þór (10. b.)
3. Albert Páll (10. b.)



***Mamma skólans:***
1. Aldís Ylfa (10. b.)
2. Elínborg Llorens (10. b.)
3. Vilborg Júlía (10. b.)



***Pabbi skólans:***
1. Daníel Þór (10. b.)
2. Albert Páll (10. b.)
3. Elmar Gísli (10. b.)



***Fjörkálfur skólans:***
1. Albert Páll (10. b.)

2. Jón Helgi (8. b.)
3. Jón Gunnar (8. b.)



***Íþróttafrík skólans:***
1. Tryggvi Hrafn (10. b.)
2. Albert Hafsteins (10. b.)
3. Bakir (9. b.)



***Bjartasta von skólans:***
1. Vilborg Júlía (10. b.)
2. Ragnar Már(10. b.)
3. Daníel Þór (10. b.)



***Par skólans:***
1. Albert Páll og Elínborg (10. b.)
2. Hafþór Péturs og Emilía Björg (9. b.)
3. Margrét Brands og Katarínus (10 og 9. b.)



***Hlátur skólans:***
1. Hreiðar H (8. b.)
2. Karen Þöll (8. b.)
3. Björnfríður (10. b.)



***Klaufi skólans:***
1. Kolbeinn Hróar (9. b.)
2. Matthías Haukstein (10. b.)
3. Sara Katrín (8. b.)



***Gáfnaljós skólans:***
1. Daníel Þór (10. b.)
2. Elmar Gísli (10. b.)
3. Veronica Líf (9. b.)

# Starfsemi Nemendafélags Grundaskóla (NFG)



Að venju er starfsemi Nemendafélags Grundaskóla mikil og þetta skólaárið er félagið í miklum blóma. Öflugt félagsstarf er rekið og fjárhagurinn traustur. Stjórn félagsins er samhent og metnaðarfull fyrir hönd nemenda og skólans. Stjórn félagsins skipa fulltrúar allra bekkja í 8. – 10. bekk auk formanns og gjaldkera sem eru kosnir í almennum kosningum meðal nemenda.

Stjórnina mynda nú ellefu fulltrúar auk varamanna. Við erum mjög ánægð með hópinn sem vinnur vel saman við að framkvæma og skipuleggja ýmis konar viðburði. Við höfum staðið að mótum í skólanum t.d. fótboltamóti, paintballmóti, borðtennismóti, spurningakeppnina milli bekkja, olsen olsen móti og húllum hæ degi o.fl. Þá stóð félagið að árlegu málþingi nemenda en þar koma fulltrúar bekkja saman og ræða hvað við getum gert betur í félagsmálunum og í skólastarfinu almennt.

NFG stóð fyrir hópferð á Skólahreysti og fóru um 120 nemendur í þá ferð. Þá fór góður hópur á spurningakeppni grunnskólanna og studdi okkar menn þá Tryggva Hrafn, Elmar Gísla og Daníel Þór. Keppnin var haldin í Borgarnesi og sigraði okkar lið með yfirburðum og komst í 8 liða úrslit.

Söngleikurinn Nornaveiðar var frumsýndur 25. febrúar 2012 og aðstoðaði nemendafélagið við margvíslegan undirbúning sem tengdist söngleikjaverkefninu. Söngleikir Grundaskóla eru fyrir löngu orðnir landsþekktir og það er metnaðarmál nemenda að þetta verkefni haldi áfram og nýr frumsaminn söngleikur verði alltaf settur upp á þriggja ára fresti. Hátónsbarkinn var haldinn fyrr á árinu og tóku nemendur bæði frá Grundaskóla og Brekkubæjarskóla þátt.

Að venju hefur nemendafélagið haldið fjölda dansleikja t.d. jólaballið og árshátíðarballið. Haldin var þemavika fyrir árshátíðina þar sem nemendur klæddu sig upp eftir 80s þema, rock þema og nörda.

Þann 20. apríl var haldin gistinótt fyrir unglingadeildina í fyrsta sinn og gekk það mjög vel. Fjöldi unglinga gisti og foreldrarnir aðstoðuðu með gæslu. Allir skemmtu sér hið besta og uppátækið vel heppnað. Eflaust mætti telja fleira til en við látum þetta nægja.

Nemendafélag Grundaskóla hefur allt til þessa dags lagt sig fram við að halda utanum hagsmuni nemenda í Grundaskóla. Við vonum að félagið haldi áfram að dafna og að þeir sem útskrifast gangi allir yfir í Hollvinafélag skólans.

Framtíðin er björt og núverandi stjórn NFG vill þakka öllum þeim sem hafa hjálpað okkur við að halda úti öflugi félagsstarfi.



# Stóra þemavikan

Síðustu tvö skólaár höfum við brotið skólastarfið upp í febrúarmánuði til að vinna stórt þemaverkefni með öllum nemendum skólans. Þá eru hinir hefðbundnu aldursskiptu bekkir lagðir til hliðar í vikutíma eða svo og í staðinn er nemendum skipt í hópa þar sem saman koma nemendur á aldrinum 6 – 16 ára í hverjum hópi. Þetta er auðvitað nýstárlegt og óvenjulegt umhverfi fyrir bæði nemendur og kennara, en þetta opnar líka á ýmsa möguleika til að vinna að fjölbreyttum og skapandi verkefnum með nemendum á öllum aldri.



Í febrúar 2011 kallaðist þemaverkefnið okkar FJÖLMENNING. Þá var skólanum skipt niður í heimsálfur og nemendur á hverju svæði einbeittu sér síðan að því að rannsaka allt sem þeir gátu fundið um sínar heimsálfur og unnin voru fjölbreytt og skapandi verkefni þeim tengd. Þemadögunum lauk svo með heilmikilli sýningu þar sem foreldrum og öðrum gestum var boðið að koma í heimsókn og skoða listaverk, byggingar, dýra- og gróðurlíf og njóta veitinga og fjölbreyttra atriða.

Nú í ár var viðfangsefnið AKRANES Í 70 ÁR, í tilefni 70 ára kaupstaðarafmælis bæjarins í sumar. Í þetta sinn var lögð áhersla á upplifun nemenda og fóru flestir hópar eitthvað út til að skoða söfn, ganga um bæinn, ferðast með strætó eða vinna í íþróttatengdum hópum. Einnig fór fram fjölbreytt og skemmtileg vinna innan veggja skólans, t.d. var unnið með þjóðsögur og ævintýri, tónlist, sjómennsku, örnefni og Akranes í framtíðinni. Við erum þess fullviss að eftir þessa skemmtilegu viku voru flestir nemendur miklu fróðari um bæinn sinn og hans nánasta umhverfi, og ekki skemmdi fyrir að það nám fór fram á fjölbreyttan og skemmtilegan hátt.








**1. EGÁ – stelpur**

*Efri röð frá vinstri: Gunnhildur Björnsdóttir, Ylfa Laxdal Unnarsdóttir, Gyða Alexandersdóttir, Nadeen Anwar Ahmad Al Yousif, Hafrún Tinna Hafsteinsdóttir, Ragnheiður Gunnarsdóttir, Katrín Fjóla Ásgeirsdóttir, Elsa Maren Steinarsdóttir, Nína Dögg Hilmarsdóttir, Björk Davíðsdóttir, Thelma Björg Rafnkelsdóttir, Petrún Sveinsdóttir, Ragnheiður Þórðardóttir.*
*Miðröð frá vinstri: Ásta Egilsdóttir, Ragnheiður Hjálmarsdóttir, Hekla Kristleifsdóttir, Íris Rakel Aðalsteinsdóttir, Sigrún Dóra Jónsdóttir, Unnur Ósk Ragnarsdóttir, Rakel Mirra Njálsdóttir, Rakel Katrín Sindradóttir, Ragna Sól Karlsdóttir, Victoria Þórey Þórðardóttir, Eygló Karlsdóttir.*
*Neðsta röð frá vinstri: Elvira Agla Gunnarsdóttir, Hanna Bergrós Gunnarsdóttir, Málfríður Júlía Ingvarsdóttir, Katrín María Ómarsdóttir, Rósa Kristín Hafsteinsdóttir.*



**1. EGÁ – strákar**

*Efri röð frá vinstri: Ásta Egilsdóttir, Gunnhildur Björnsdóttir, Birkir Halldórsson, Gísli Fannar Ottesen, Júlíus Duranona, Arnar Freyr Brynjólfsson, Haukur Andri Haraldsson, Daði Már Alfreðsson, Alex Tristan Sigurjónsson, Logi Mar Hjaltested, Pétur Jóhannes Óskarsson, Guðmundur Skarphéðinn Gíslason, Jóel Duranona, Jóel Þór Jóhannesson, Dagur Karl Líndal Þrastarson, Petrún Sveinsdóttir.*
*Miðröð frá vinstri: Nói Claxton, Hektor Bergmann Garðarsson, Gísli Freyr Þorsteinsson, Kolbeinn Tumi Sveinsson, Þórður Freyr Jónsson, Ólafur Bjarki Stefánsson, Adrian Pawelczyk, Viktor Freyr Arnarson , Almar Kári Ásgeirsson, Pálmi Þór Bergþóruson, Daníel Prizginas, Nikulás Mýrdal Sigurðsson, Kári Kristvinsson, Eygló Karlsdóttir.*
*Neðsta röð frá vinstri: Gylfi Kristinn Garðarsson, Hjalti Rafn Kristjánsson, Pálmi Rúnar Ísólfsson, Þórður Ingi Hjaltason, Óskar Gísli Búason, Tristan Sölvi Jóhannsson, Birkir Atli Brynjarsson, Baldur Freyr Birgisson, Daði Freyr Gunnarsson, Arnar Gaui Björnsson, Trausti Thorlacius, Ragnheiður Þórðardóttir.*



2. E
*Aftasta röð frá vinstri: Ingi Þór Sigurðsson, Elín Björk Davíðsdóttir umsjónarkennari, Baldur Freyr Gylfason, Gylfi Borgþór Sigurðsson, Ólafur Haukur Arilíusson, Davíð Ernir Jónsson, Arthúr Bjarni Magnason.*
*Miðröð frá vinstri: Ragnheiður Karen Ólafsdóttir, Ingveldur Ósk Sigurðardóttir, Kristófer Áki Hlinason, Eyþór Atli Árnason, Jökull Máni Guðmundsson.*
*Fremsta röð frá vinstri: Alexandra Ósk Reynisdóttir, Anna Lilja Lárusdóttir, Brynhildur Helga Viktorsdóttir, María Rún Ellertsdóttir, Ármann Ingi Finnbogason, Bjarki Brynjarsson.*
*Vantar á myndina: Róbert Leó Gíslason.*

**2. M**
*Aftasta röð frá vinstri: Aron Elvar Dagsson, Íris Rán Kristinsdóttir, Rúna Björk Guðmundsdóttir, Dagbjört Líf Guðmundsdóttir, Hafþór Örn Arnarson, Ellert Lár Hannesson, Una Þórdís Guðmundsdóttir, Aníta Sól Gunnarsdóttir.*
*Miðröð frá vinstri: Hrafnhildur Hannibalsdóttir (stuðningsfulltrúi), Kristrún Lára Bjarnadóttir, Przemyslaw Fiszer, Ólafur Ían Brynjarsson, Hrafnkell Váli Valgarðsson, Auður Þórhallsdóttir, Gabríel Þór Þórðarson, Eydís Lára Þrastardóttir, Margrét Rós Jósefsdóttir (umsjónarkennari).*
*Neðsta röð frá vinstri: Gabríela Pawelczyk, Andrea Kristín Ármannsdóttir, Rebekka Rán Aradóttir, Jóhannes Breki Harðarson, Sindri Freyr Daníelson.*





**2. Á**
*Aftari röð: Elsa María Einarsdóttir, Margrét Lilja Jónsdóttir, Katrín Dís Guðbjartsdóttir, Auður Elsa Kristjánsdóttir, Tanía Sól Ragnarsdóttir, Friðmey Ásgrímsdóttir, Marey Edda Helgadóttir, Elísabet Eir Magnúsdóttir, Elísa Margret Marteinsdóttir og Árdís Dögg Orradóttir, kennari.*
*Fremri röð: Guðmundur Sveinn Gunnarsson, Maron Reynir Sigurðsson, Sindri Dagur Sigurðsson, Baldur Páll Stefánsson, Viktor Ívan Einarsson, Bergur Breki Stefánsson, Birnir Már Þorvaldsson, Matthías Smári Sighvatsson.*



**3. L**

*Efsta röð frá vinstri: Laufey Jóhannsdóttir, Matylda Magdalena Pilecka, Árni Salvar Heimisson, Haukur Logi Einarsson, Sölvi Blær Samúelsson, Ingimar Elfar Ágústsson, Björn Viktor Viktorsson, Mirra Björt Hjartardóttir, Helena Rós Sævarsdóttir.*
*Mið röð frá vinstri: Embla Rún Mýrdal Sigurðardóttir, Engilbert Ólafsson, Katrín Lea Daðadóttir, Eiríkur Snjólfsson, Jóhannes Einarsson, Dagný Eva Snorradóttir.*
*Neðsta röð frá vinstri: Védís Agla Reynisdóttir, Ásdís Ýr Þorgrímsdóttir, Almar Daði Kristinsson, Gabríel Ísak Valgeirsson, Hákon Arnar Haraldsson, Helgi Rafn Bergþórsson, Hekla María Arnardóttir.*

**3. E**

*Aftari röð frá vinstri: Eyrún Þorleifsdóttir, Fannar Björnsson, Alexander Dagur Helgason, Róbert Máni Gunnarsson, Þorgeir Örn Bjarkason, Lilja Björg Ólafsdóttir, Angela Rán Egilsdóttir, Arndís Lilja Eggertsdóttir, Sigríður Freyja Hallgrímsdóttir,*
*Fremri röð frá vinstri: Fríða Sif Atladóttir, Sigrún Freyja Hrannarsdóttir, Heiðar Logi Hjálmarsson, Paula Gaciarska, Filip Fiolna, Guðný Sigurrós Jóhannsdóttir, Magnús Máni Sæmundarsson, Ingibergur Valgarðsson, Ásrún Heimisdóttir, Þorgerður Bjarnadóttir, Tómas Þórisson, Grétar Þór Rósant Söndruson, Kristrún Bára Guðjónsdóttir, Viktoría Pálsdóttir.*





**3.V.**

*Efsta röð: Mohammad Nazar, Jóhann Magni Eggertsson, Oliver Snær Ólason, Aron Helgi Halldórsson, Ngozi Jóhanna Eze, Guðlaug Sara Gunnarsdóttir, Sólrún Lilja Finnbogadóttir, Árdís Eyja Kjartansdóttir.*
*Miðröð: Mohammad Al Eedi, Sigurður Andri Óskarsson, Vilborg Helgadóttir, Aldís Mjöll Hlynsdóttir, Maren Lind Steinþórsdóttir, Viktor Bjarki Benjamínsson, Thelma Rós Ragnarsdóttir.*
*Neðsta röð: Sebastían Blær Guðmundsson, Mikael Máni Guðmundsson, Elmar Bragi Gunnarsson, Bergþór Logi Hafsteinsson, Róbert Kári Óskarsson, Hreimur Óskar Karlsson, Lára Jakobína Gunnarsdóttir, Thelma Rut Bjarnadóttir.*
*Á myndina vantar Szymon Pawelczyk.*



**4 IE**

*Aftasta röð frá vinstri: Ingibjörg Eggertsdóttir, Arnþór Helgi Gíslason, Nökkvi Máni Guðmundsson, Kolbeinn Tumi Kristjánsson, Ísak Örn Elvarsson, Bára Valdís Ármannsdóttir, Dagný Halldórsdóttir, Sigrún Eva Sigurðardóttir, Rósa Björk Bjarnadóttir, Melinda M. Elíasdóttir.*

*Miðröð frá vinstri: Anna Þóra Hannesdóttir, Oliver Stefánsson, Oliver Helgi Pálsson.*

*Fremsta röð frá vinstri: Niko Kilian Temesvari, Júlíus Emil Baldursson, Helgi Reyr Guðnason, Ísak Bergmann Jóhannesson, Andri Páll Einarsson, Enrique Snær Llorens, Heba Sif Guðbjartsdóttir.*

*Á myndina vantar Ragnheiði Helgu Sigurgeirsdóttur.*

**4. SÓ**

*Neðsta röð frá vinstri: Ástrós Elísabet, Katrín Eva, Oliwia, Heiður Dís, Þorgils.*

*Miðröð frá vinstri: Sigríður G. Ólafdóttir (kennari), Erna Lind, Natalia, Ásgerður, Arnar Már, Matthildur.*

*Efsta röð frá vinstri: Kristófer Leon, Óðinn Örn, Finnbogi, Patrekur, Halldór, Karl Ívar, Hafþór.*





**4 . SRR**

*Aftasta röð frá vinstri: Dominik Pstragowski, Jón Birkir Þorbjörnsson, Nikulás Ísar Bjarkason, Ástþór Vilmar Brynjólfsson, Erna Björt Elíasdóttir, Áslaug Ragna Ákadóttir, Guðmundur Valgeir Guðbergsson, Weronika Anna Latka, Sigríður V. Líndal Ævarsdóttir, Brynhildur Björk Magnúsdóttir.*

*Fremsta röð frá vinstri: Árný Stefanía I. Ottesen, Heba Bjarg Einarsdóttir, Róbert Rögnvaldsson, Steinar Daði Hjaltason, Erla Karitas Jóhannesdóttir, Selma Dögg Þorsteinsdóttir, Daníel Þór Gunnarsson, Ronja Rut Hjartardóttir, Gylfi Karlsson.*

*Á myndina vantar Sigurrósu Vestmann Þórðardóttur.*



**5. ÁHF**

*Fremsta röð frá vinstri: Birgitta Nótt Guðmundsdóttir, Amalía Rut Björnsdóttir, Yasmin Emma Helgadóttir, Gréta María Guðmundsdóttir, Marín Birta Pétursdóttir, Amalía Sif Jessen, Klara Kristvinsdóttir, Ída Mýrdal Sigurðardóttir, Nikola Fiolna, Árný Hulda Friðriksdóttir.*

*Miðröð frá vinstri: Óttar Bergmann Kristinsson, Hlöðver Már Pétursson, Gísli Laxdal Unnarsson, Árni Þórir Heiðarsson, Katrín Helga Sævarsdóttir, María Mist Guðmundsdóttir.*

*Aftasta röð frá vinstri: Logan Leifur Robinsson, Sæþór Kristinn Guðmundsson, Magnús Þór Kristjánsson, Friðgeir Nökkvi Guðmundsson, Mikael Hrafn Helgason, Steindór Gauti Guðmundsson, Marvin Darri Steinarsson, Sigurjón Logi Bergþórsson. Á myndina vantar Gróa Dagmar Gunnarsdóttir.*

**5. CBR**

*Aftari röð frá vinstri: Marteinn Theodórsson, Haukur Stefán Jakobsson, Valentínus Hauksson, Aron Sædal Karlsson, Mikael Sævarsson, Pétur Vilberg Bergsteinsson, Hafsteinn Orri Hilmarsson og Birkir Gunnlaugsson.*

*Miðjuröð frá vinstri: Natanael Bergmann Gunnarsson, Daria Fijal, Oddur Gíslason, Ægir Sölvi Egilsson, Paulina Jolanta Latka og Eva María Jónsdóttir.*

*Fremsta röð frá vinstri: Pawel Bortkun, Daníel Ragnar Luid Guðmundsson, Katla Kristín Ófeigsdóttir, Sóley Rut Hjálmarsdóttir, Svanfríður Erla Heiðarsdóttir, María Dís Einarsdóttir, Vilborg Lind Gunnarsdóttir, Christel Björg Rúdolfsdóttir og Ísabella Cabrita.*

*Á myndina vantar Birki Daða Jónsson.*





**5. VS**

*Aftasta röð frá vinstri: Halldóra Gylfadóttir, Brynjar Örn Hilmarsson, Katrín María Óskarsdóttir, Viktor Theodórsson, Guðmundur Þór Hannesson, Bjarki Þór Ólason, Aþena Ósk Eiríksdóttir, Brynhildur Traustadóttir, Valdís Sigurvinsdóttir.*

*Miðröð frá vinstri: Emil Þór Guðmundsson, Maron Snær Harðarson, Benjamin Kristinn Sigurjónsson, Orri Hermannsson, Gabríel Andri Hafþórsson, Brynjar Már Ellertsson.*

*Fremsta röð frá vinstri: Ásta María Búadóttir, Ylfa Claxton, Róberta Lilja Ísólfsdóttir, Ólöf Rún Guðmundsdóttir, Karen Rut Finnbogadóttir, Telma Guðrún Jónsdóttir, Elina Victoria Pavlova, Helga Dís Brynjólfsdóttir.*



**6.EÞS**

*Fremsta röð frá vinstri: Óskar Wasilewski, Sindri Snær Alfreðsson, Nicole Candrejo, Dagný Maja Helgadóttir, Kristrún Amelía Haliwell, Aðalbjörg Alla Sigurðardóttir, Miðröð frá vinstri: Jón Ingvi Einarsson, Kristmann Dagur Einarsson, Anna Berta Heimisdóttir, Karen þórisdóttir, Hafdís Guðrún Halldórsdóttir, Ylfa Örk Davíðsdóttir, Katrín Sól Þórðardóttir, Veronika Lind Elvarsdóttir, Aftasta röð frá vinstri: Kamil Swistowski, Bjartur Finnbogason, Andri F. Eggertsson, Sólon Símonarson, Logi Breiðfjörð Franklínsson, Brynjar Aron Þorgilsson, Aron Bjarki Kristjánsson, Helena Dögg Einarsdóttir, Aðalheiður Kristín Kristjánsdóttir, Íris Edda Steinþórsdóttir, Guðný Björg Hallgrímsdóttir. Aftast. Elís Þór Sigurðsson, kennari.*

**6. UÁ**

*Aftari röð frá vinstri: Júlía Rós Þorsteinsdóttir, Guðný Ósk Stefánsdóttir (stuðningsfulltrúi), Aron Elí Eyþórsson, Áslaug Margrét Gísladóttir, Jón Karl Kristján Traustason, Atli Teitur Brynjarsson, Kristrún Dögg Marteinsdóttir (kennari). Miðjuröð frá vinstri: Amelija Prizginaite, Nina Aleksandra Bialonczyk, Wiktoria Kostewicz, Fylkir Jóhannsson, Sigurður Hrannar Þorsteinsson, Þór Llorens Þórðarson, Ísak Máni Sævarsson, Helgi Rafn Rafnkelsson, Björn Máni Andrason Fremsta röð frá vinstri: Ólöf Gunnarsdóttir, Fríða Halldórsdóttir, Agnes Rós Sveinbjörnsdóttir, Helga Rún Hafþórsdóttir, Bjarney Helga Guðjónsdóttir, Droplaug María Hafliðadóttir, Hulda Sigríður Höskuldsdóttir, Harpa Kristný Sturlaugsdóttir, Arna Berg Steinarsdóttir, Telma Maren Antonsdóttir Á myndina vantar: Heklu Alexía Samúelsdóttir og Jón Mýrdal Böðvarsson.*





**7. BÞ**

*Aftari röð frá vinstri: Karólína Andrea Gísladóttir, Andrea Ýr Reynisdóttir, Lúísa Heiður Guðnadóttir, Katarína Stefánsdóttir, Sigurður Grétar Gunnarsson, Guðfinnur Þór Leósson, Hervar Gunnarsson, Hallur Bjarnason og Daníel Aron Jónsson. Miðjuröð frá vinstri: Gilmar Þór Benediktsson, Embla Kristín Kristinsdóttir, María Edda Sverrisdóttir, Ágústa Margrét Björnsdóttir, Sigurjón Ari Guðmundsson og Dagný Björk Garðarsdóttir. Fremsta röð frá vinstri: Berglind Þráinsdóttir, Valfríður Guðmey Haraldsdóttir, Aron Máni Alfreðsson, Alexía Mist Baldursdóttir, Alex Mar Bjarkason, Guðni Freyr Bjarnason og Eiður Andri Guðlaugsson.*



**7. HDG**
*Aftari röð frá vinstri: Ástþór Ýmir Alexandersson, Una Lára Lárusdóttir, Ólafur Ingi Ásgeirsson, Helgi Laxdal Aðalgeirsson, Svandís Guðbjörg Karlsdóttir, Selma Bríet Brynjarsdóttir, Auður Marín Adolphsdóttir.*
*Miðjuröð frá vinstri: Jóhannes Valur Hafsteinsson, Arnór Sigurðsson, Sandra Ósk Alfreðsdóttir, Linda Ósk Alfreðsdóttir, Dagmar Sara Bjarnardóttir, Ólafur Tryggvi Elíasson, Almar Daði Alfreðsson, Auðun Ingi Hrólfsson og Hjördís Dögg Grímarsdóttir.*
*Fremsta röð frá vinstri: Jóhannes Freyr Stefánsson, Aron Steinn Davíðsson, Bryndís Jóna Hilmarsdóttir, Sveinn Logi Kristinsson, Hilmar Halldórsson og Eva María Jónsdóttir.*

**7. SJ**
*Aftari röð frá vinstri: Trausti Már Isaksen, Grétar Júlíus Þorsteinsson, Karitas Líf Elfarsdóttir, Jóhanna Vordís Rúnarsdóttir, Katrín Drafnardóttir McConnell, Magnea Rós Gunnarsóttir, Símon Orri Jóhannsson, Grímur Ingi Einarsson, Kacper Fili Szwaba, Sigurjón Jónsson.*
*Fremri röð frá vinstri: Þórdís Líf Valgeirsdóttir, Ragna Dís Sveinbjörnsdóttir, Oliwia Julia Sawicka, Natalia Swistowska, Harpa Rós Gunnarsdóttir, Sóley Rún Einarsdóttir, Anna St. Clair Correia, Óskar Dagur Marteinsson, Matthías Þorbergur Pálsson, Aron Már Björnsson, Marvin Daði Ægisson, Árni Snær Fjalarsson og Arnar Gunnarsson.*





**8. MKÓ**
*Aftari röð frá vinstri: Halldór Karvel Bjarnason, Aðalsteinn Maron Árnason, Alexander Örn Kárason, Sveinn Þór Þorvaldsson, Hreiðar Henning Guðmundsson, Ísak Darri Þorsteinsson, Erlendur Rúnar Reynisson, Friðrik Snær Ómarsson, Daníel Hjörvar Guðmundsson, Þórir Halldórsson, Stefán Kaprasíus Garðarsson, María Kristín Óskarsdóttir umsjónarkennari, Óskar Þór Eiríksson.*
*Fremri röð: Weronika Pawelczyk, Karen Þöll Jensdóttir, Júlía Björk Gunnarsdóttir, Ásthildur Jóna Haraldsdóttir, Magðalena Lára Sigurðardóttir, Sunna Rós Sigmundsdóttir, Árni Teitur Líndal Þrastarson.*
*Á myndina vantar: Daníel Andra Valdimarsson og Jón Hjörvar Valgarðsson.*



**8. FE**

*Aftari röð frá vinstri: Elvar Már Sturlaugsson, Flosi Einarsson, Leó Snær Guðmundsson, Axel Guðni Sigurðsson, Berglind Björk Gunnarsdóttir, Anna Chukwunonso Eze, Guðný Rós Jónsdóttir, Hafliði Már Höskuldsson, Hilmar Örn Jónsson.*
*Miðröð frá vinstri: Ásþór Ísak Jökulsson, Yrsa Katrín Karlsdóttir, Birna Sjöfn Pétursdóttir Ísak Þórhallsson, Hildur Ýr Eiríksdóttir, Jón Gunnar Hafsteinsson, Aldís Eir Valgeirsdóttir*
*Fremsta röð frá vinstri: Marinó Hrannar Hjaltason, Karitas Eva Svavarsdóttir, Svanhildur Skarphéðinsdóttir, Guðlaug Ásrún Grétarsdóttir, Selma Rögnvaldsdóttir, Ingibjörg Elín Jónsdóttir, Hrafnhildur Arín Sigfúsdóttir.*

**8. VLJ**

*Aftasta röð frá vinstri: Thelma Björk Jónsdóttir, Axel Fannar Elvarsson, Stefán Teitur Þórðarson, Linda María Rögnvaldsdóttir, Una Lilja Jónsdóttir, Hjördís Rósa Ernisdóttir, Katrín Jóna Ólafsdóttir, Jóndís Hálfdánsdóttir, Valgarður L. Jónsson umsjónarkennari.*
*Miðröð frá vinstri: Rakel Ýr Guðlaugsdóttir, Darja Kozlova, Ríkharður Árnason, Ragnar Bragi Hansson, Jan Simon Bortkun, Eggert Halldórsson, Blaise Palmer Casanova.*
*Fremsta röð frá vinstri: Jón Helgi Sævarsson, Ásgrímur Óskar Jóhannesson, Sindri Þór Harðarson, Guðmundur Sigurbjörnsson, Gylfi Brynjar Stefánsson, Sindri Snær Magnússon.*
*Vantar á myndina: Eva Mjöll Árnadóttir, Sara Katrín Benediktsdóttir.*





**9. LK**

*Aftasta röð f.v.: Laufey Karlsdóttir (kennari), Kolbeinn Búason, Auðun Ingi Ernisson, Bakir Anwar Nassar, Kristinn Bragi Garðarsson, Arnór Jónsson, Hafþór Pétursson, Mikael Máni Steinarsson, Aron Þorbjörnsson.*
*Miðröð f.v.: Sigurður Leó Arnarsson, Árni Þór Árnason, Almar Knörr Hjaltason, Helgi Jónsson, Steinar Þorsteinsson, Adolf Freyr Halldórsson, Atli Vikar Ingimundarson.*
*Fremsta röð f.v.: Stefanía Ingólfsdóttir, Veronica Líf Þórðardóttir, Anita Franklínsdóttir, Bryndís Rún Þórólfsdóttir, Dóra Marín Karvelsdóttir, Margrét Brandsdóttir, Paulina Maria Bialonczyk, Viktoría Gunnarsdóttir, Heiður Ásgeirsdóttir.*



*9. ÍA*

*Aftasta röð f. v.: Hafdís Dóra Gunnarsdóttir, Ásgerður Ásgrímsdóttir, Indíana Líf Gunnlaugsdóttir, Þórey Petra Bjarnadóttir, Brynja Rún Björnsdóttir, Sigurlaug Rún Hjartardóttir, Sólveig Rún Jónasdóttir, Klara María Jónsdóttir, Emilía Þórðardóttir, Stefanía Berg Steinarsdóttir, Elísa Björk Jóhannsdóttir, Natalia Wasilewska, Íris Aðalsteinsdóttir (kennari).*

*Miðröð f. v.: Patryk Michalek, Hrafn Darri Guðbjörnsson, Friðrik Berg Sigþórsson, Einar Ágúst Hjálmarsson, Kristófer Daði Garðarsson.*

*Neðsta röð f.v.: Allan Bjarki Jónsson, Matthías Ingi Sævarsson, Guðmundur Elvar Orri Pálsson, Steinþór Brekkmann Steinþórsson, Benedikt Rúnar Hermannsson, Lovísa Ósp Helgadóttir.*



***Frá Húllumhæ deginum 2011 - 2012.***





# Komdu í XY og fáðu flotta inngöngugjöf




XY er unglingaklúbbur Íslandsbanka fyrir krakka á aldrinum 12-16 ára. Ef þú skráir þig í XY færðu flotta tösku og bíómiða í inngöngugjöf.

**Nánari upplýsingar á www.islandsbanki.is/xy**

**Þetta færðu líka í XY:**

- Debetkort ef þú ert á 14. aldursári eða eldri
- Hraðbankakort ef þú ert á 12. aldursári eða eldri
- Það kostar ekkert að nota kortið
- Netbanka

islandsbanki@islandsbanki.is
www.islandsbanki.is
Sími 440 4000

Íslandsbanki










# Að efla fólk til dáða

Traust atvinna og hollar tómstundir eru forsendur góðs mannlífs.
Þátttaka í íþróttum og listum þroskar hvern einstakling,
hæfileika hans og skapar honum verðug verkefni.

Á sama hátt þurfum við hjá Norðuráli
að skapa sterka liðsheild einstaklinga sem hafa þekkingu, færni
og metnað til að ná settum markmiðum.

## Þannig náum við árangri

NORÐURÁL
Century ALUMINUM

www.nordural.is